| tíska | áramót | tíðarandi | tónlist | heilsa | matur | sudoku |

# birta

*» á leið inn í nýtt ár*



## STJÖRNUSPÁ
Allt árið 2006

## ÁRAMÓT
Girnilegir munnbitar

*Halla Vilhjálmsdóttir:*

# Sótti snemma í sviðsljósið

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
30. desember – 5. janúar

## Parque Santiago ☀☀☀

Verð: **36.940,-** M.v. 2 með 2 börn í viku í júní, júlí eða ágúst. **2 í viku 45.880,- á mann.**

Eitt eftirsóttasta íbúðahótelið á Tenerife byggt í skemmtilegum spönskum stíl og frábærlega staðsett á Playa De Las Americas ströndinni. Hótelgarðurinn er einn sá stærsti á svæðinu, fallegur og mjög vel búinn. Skemmti- og veitingastaðir eru allt um kring og alþjóðlegar verslanir með ótrúlega fjölbreytt vöruúrval gera hótelið að eftirsóttum stað fyrir þá sem vilja vera í rólegheitum við strönd en jafnframt í göngufæri við iðandi mannlíf.

| | |
|---|---|
| Gestamóttaka | 24/7 |
| Strönd | 80 m |
| **Aðstaða** | |
| Bar | Já |
| Veitingastaður | Já |
| Sundlaug \| garður | Já \| Já |
| Barnalaug \| leiksvæði | Já \| Já |
| Sólbekkir \| handklæði | Já \| Já |
| Skemmtidagskrá | Já \| Já |
| Heilsurækt | Já |



**ÍBÚÐIR**

Mjög góðar íbúðir með svölum/verönd, ísskáp, kaffivél, sjónvarpi og síma. Þrif 6 daga vikunnar.

## Gran Hotel Bahia Del Duque ☀☀☀☀☀+

Verð: **72.533,-** **Morgunverður og kvöldverður innifalinn.** M.v. 2 með 1 barn í viku, 7.-14. júní. **2 í viku 94.800,- á mann.**

Ævintýraheimur með öllu tilheyrandi: frábær herbergi, fjöldi veitingastaða og verslana, og hreint ótrúlegur sundlaugargarður sem byrjar með fjölbreyttum gróðri og fallegum sólbaðsstöðum og endar á ströndinni þar sem hafið tekur við. Þetta er lúxushótel og resort í hæsta gæðaflokki.

| | |
|---|---|
| Gestamóttaka | 24/7 |
| Strönd | 150 m |
| **Aðstaða** | |
| Bar | Margir |
| Veitingastaður | Margir |
| Sundlaug \| garður | Já \| Já |
| Barnalaug \| leiksvæði | Já \| Já |
| Sólbekkir \| handklæði | Já \| Já |
| Skemmtidagskrá | Já \| Já |
| Heilsurækt | Já |
| Tennisvöllur | Já |
| Aðstaða fyrir fatlaða | Já |




**HERBERGI**

Glæsileg herbergi og svítur með svölum, minibar, loftkælingu, sjónvarpi og síma. Þrif daglega. **Afburða lúxushótel á lista The Leading Hotels of the World.**

## Gran Hotel Costa Adeje ☀☀☀☀☀

Verð: **59.467,-** **Morgunverður og kvöldverður innifalinn.** M.v. 2 með 1 barn í 2 vikur, 7.-21. júní. **2 í 2 vikur 75.700,- á mann.**

Glæsilegt lúxushótel byggt 2001 með útsýni yfir Duque og Fanabé strendurnar. Hér er allt sem hugurinn girnist, fjöldi veitingastaða, frábærar sundlaugar (m.a upphituð barnalaug), tennis og minigolf, heilsulind með snyrtistofum og tyrknesku baði og frábær skemmtidagskrá fyrir börn og fullorðna.

| | |
|---|---|
| Gestamóttaka | 24/7 |
| Strönd | 300 m |
| **Aðstaða** | |
| Bar | Margir |
| Veitingastaður | Margir |
| Sundlaug \| garður | Já \| Já |
| Barnalaug \| leiksvæði | Já \| Já |
| Sólbekkir \| handklæði | Já \| Já |
| Skemmtidagskrá | Já \| Já |
| Heilsurækt | Já |
| Tennisvöllur | Já |
| Aðgengi fyrir fatlaða | Já |



**HERBERGI**

Rúmgóð herbergi og svítur með svölum, minibar, loftkælingu, sjónvarpi og síma. Þrif daglega.

## Hotel Gala ☀☀☀☀

Verð: **54.760,-** **Morgunverður og kvöldverður innifalinn.** M.v. 2 með 1 barn í 2 vikur, 5.-19. júlí. **2 í 2 vikur 7.-21. júní 68.140,- á mann.**

Fallegt hótel við Playa de las Americas ströndina. Þægileg og vel búin herbergi og framúrskarandi þjónusta gera Hotel Gala að einstaklega hagkvæmum og spennandi kosti á besta stað á Tenerife.

| | |
|---|---|
| Gestamóttaka | 24/7 |
| Strönd | 100 m |
| **Aðstaða** | |
| Bar | Já |
| Veitingastaður | Já |
| Sundlaug \| garður | Já \| Já |
| Barnalaug \| leiksvæði | Já \| Já |
| Sólbekkir \| handklæði | Já \| Já |
| Skemmtidagskrá | Já \| Já |
| Heilsurækt | Já |
| Tennisvöllur | Nei |
| Aðstaða fyrir fatlaða | Já |



**HERBERGI**

Góð herbergi með svölum, minibar, loftkælingu, sjónvarpi og síma. Þrif daglega.

**www.sumarferdir.is** **Sími 575 1515 – bókaðu allan sólarhringinn**




Sala hafin
Bókaðu lúxus á lægsta verði!

# Tenerife sumarið 2006 — ótrúlegt kynningarverð!

**Sólríkar suðurstrendur Tenerife eru heitasti áfangastaðurinn í ár. Hér bjóðum við upp á einstaklega glæsilega gististaði á verði sem hefur aldrei áður staðið Íslendingum til boða.**
**Láttu dekra við þig í dásamlegu loftslagi og einstaklega fjölbreyttri afþreyingu fyrir fólk á öllum aldri.**
**Beint flug í hverri viku í allt sumar.**

Bókaðu núna:
www.sumarferdir.is
Sími 575 1515

SUMAR FERÐIR
— ALLTAF Á RÉTTU VERÐI

ÍSLENSKU GÆÐAVERÐLAUNIN • 2005 •



# Íslensku gæðaverðlaunin 2005 eru okkur hvatning og heiður



## Við hjá Alcan í Straumsvík erum stolt af árangrinum sem við höfum náð!

Markmiðið með Íslensku gæðaverðlaununum er að veita fyrirtækjum og stofnunum viðurkenningu fyrir raunverulegan stjórnunarárangur og hvetja fyrirtæki til að setja sér skýr markmið og leggja reglulega mat á árangurinn.

Íslensku gæðaverðlaunin eru samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Samtaka atvinnulífsins, forsætisráðuneytisins, Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Stjórnvísis og hafa verið veitt árlega frá árinu 1997.

ALCAN

ENNEMM / SÍA













## Þetta helst

7 Bjart framundan á nýju ári
8 Tíðarandi
10 Partíbrennsla Gullfoss og Geysis
12 Hámóðins gamaldags glamúr
14 Ár krónprinsins í Danmörku

## Viðtöl og greinar

16 Halla Vilhjálmsdóttir
Sótti snemma í sviðsljósið
20 Birtust í Birtu
Fleyg orð úr Birtuviðtölum ársins

## Hann hún

22 Sætt og sniðugt yfir áramótin
28 Stjörnuást
30 Margrét R. Jónasdóttir
Allt fyrir útlitið
Stjörnuspá Birtu
32 Stjörnuspá ársins 2006
34 Heilsa
38 Sudoku

birta

30. desember - 5. janúar 2006 nr. 52

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar
RITSTJÓRAR: Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is
og Sigríður Björg Tómasdóttir
sigridur@frettabladid.is
ÁBYRGÐARMAÐUR: Steinunn Stefánsdóttir
RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000
DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:
Laila Awad / laila@365.is
Sölustjóri 550 5848 / 824 2356
Ester Sigurðardóttir / ester@365.is
Sölufulltrúi 550 5828 / 899 7600
Ámundi Ámundason / amundi@frettabladid.is
Sölufulltrúi 550 5811 / 821 7514
Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is
Sölufulltrúi 550 5854 / 866 0796

UMBROT: 365 – prentmiðlar
Einar Elí Magnússon og Örlygur Hnefill Örlygsson
PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.
FORSÍÐUMYND: Hari
NETFANG: birta@frettabladid.is

Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.




Við sendum landsmönnum bestu óskir um gleðilegt ár með þökk fyrir samskiptin á liðnum árum. Verum samferða inn í nýja tíma í raforkumálum landsmanna.

RARIK
*lifandi afl*



# *Bjart fram undan*

Áramótin eru tími mikilla hátíðarhalda. Margir kveðja gamla árið með söknuði vissir um að þeir hafi átt sínar bestu stundir á því. Aðrir eru hálf fegnir því að það sé liðið og vona að framtíðin færi þeim betri tíma.

Allir fagna hins vegar nýja árinu. Þeir sem hafa átt góðar stundir á liðnum árum vona að þær verði ennþá fleiri á árinu sem er að byrja og þeir sem hafa átt erfitt vona að nýja árið færi þeim ný tækifæri.

Með nýju ári verða allir vongóðir og bjartsýnir á framtíðina. Margir fara í djúpa sjálfskoðun og velta því fyrir sér hvernig þeir geti fengið sem mest út úr komandi ári. Flestir strengja áramótaheit sem eiga að stuðla að því að bæta líf þeirra á einn eða annan hátt því batnandi fólki er alltaf best að lifa.

Það er full ástæða til þess að fagna áramótunum. Nýtt ár felur alltaf í sér nýja möguleika og möguleikarnir eru óendanlegir.

## heitt & kalt






**ÍSLENSKAR SAKAMÁLASÖGUR**
Nýjasta útrásin á annarri gullöld Íslendinga. Áður fyrr sóttu víkingar gull til nágranna okkar en nú gera viðskipta- og listamenn það sama. Rithöfundar láta ekki sitt eftir liggja og undir öruggri forystu meistara Arnaldar sækja þeir nú á ný mið.



**HJÁLPUM ÞEIM**
Lagið er frábært og textinn betri. Framtakið er afskaplega gott og allir eiga þakkir skilið svo... takk. Málið er bara að þessi útgáfa er alveg eins og sú '85 og þeir sem syngja um betri heim fara svo beint í Kringluna og Smáralind að selja. Gerum eitthvað nýtt og förum alla leið með það.



**SMÁHUNDAR**
Þeir voru vinsælir þessar elskur en nú eru það bara pelsakerlingar sem láta sjá sig með smáhund í veskinu. Þegar aumingja dýrin eru með augu sem standa svo langt út úr hausnum að þú býst við því að þau skjótist út á hverri stundu veistu að það er búið að kynrækta greyin of mikið.



**GILLZENEGGER**
Hann var fyndinn, en er það ekki lengur. Hann er svo sem myndarlegur pilturinn en menn sem nota frasa eins og „skíta á punginn á sér" eiga ekki að vera í fjölmiðlum.

» Áramótaheit

# Ættu að heita janúarheit



Ég heiti því að spara peninga, heiti því að grennast og heiti því að læra að baka randalínur og heiti því að kaupa mér hamstur. Í slíkum heitahugsunum eru margir á gamlársdag, velta fyrir sér misförum ársins sem er að líða og lofa betrumbót. Svo þegar nær dregur miðnætti og kampavínið farið að virka er farið upp á stól, slegið í glas og haldin ræða „Áramótaheitið mitt í árh! hikk, er að hætta að reykja!" Allir klappa og ný hetja hefur litið dagsins ljós. Svo líða dagar nýja ársins og áður en þú veist af ertu ekki lengur hætt að reykja. Áramótaheitin ættu miklu frekar að heita janúarheit því flest þeirra heita sem mannfólkið strengir hafa liðið undir lok þegar janúar er á enda.



» Skál

# Kampakáta kampavín



Ó hið kampakáta kampavín,
sem kætir fólk og gleður. Einhver mun þó skammast sín,
eftir smeðjur þamb og þrefur.
En engin eru áramót, án gullins vökva í glasi, þá væmin verða blíðuhót, vonandi í réttu fasi.
Lyftum glösum á loft, látum í glösum klingja, og skálum oft,
er klukkur inn árið hringja.

» Matur

# Á framandi slóðum um áramót



Kengúrukjöt, strútskjöt, dádýrskjöt og fleiri framandi tegundir er að finna í betri verslunum borgarinnar um þessar mundir. Nýtt og spennandi hráefni hefur slegið í gegn hjá þeim sem eru með fingurinn á púlsinum í matargerð. Og áramótaveislurnar munu draga dám af því. Það er ekkert svakalega spennandi að setjast enn ein áramótin fyrir framan hamborgarhrygginn. Veislan verður miklu meira spennandi ef forrétturinn er úr fisktegund sem ekki hefur sést á heimilinu fyrr og aðalrétturinn úr kjöti sem ekki er á borðum oft á ári. Rétt eins og jólin eru tími hefða eru áramótin fyrirtakstíð til að prófa eitthvað nýtt.



» Flugeldagleraugu

# Öryggið skiptir öllu máli

Flugeldagleraugu eru algjör nauðsyn á gamlárskvöld. Allir í fjölskyldunni ættu að eiga hlífðargleraugu og nota þau þegar flugeldunum er skotið upp. Það fylgir lítill fögnuður nýja árinu ef slys verða við hátíðarhöldin. Svo eru flugeldagleraugu bara hrikalega kúl og frábær fylgihlutur í áramótapartíið.




Símennt Háskólans í Reykjavík býður upp á fjölbreytt framboð af styttri og lengri námskeiðum fyrir starfsfólk og sérfræðinga í íslensku atvinnulífi. Hlutverk Símenntar HR er að efla þá einstaklinga sem sækja námskeið Símenntar til árangurs í lífi og starfi – og styrkja þannig samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

**Kíktu á heimasíðu Símenntar HR,**
**www.ru.is/simennt,**
**og skráðu þig á póstlista.**

# SÍMENNT HR

## Styrktu stöðu þína

Starfsfólk Símenntar Háskólans í Reykjavík veitir allar nánari upplýsingar

Þór Clausen, forstöðumaður
Sími: 599 6288
thorc@ru.is

Charlotta Karlsdóttir, verkefnastjóri
Sími: 599 6258
charlotta@ru.is

**Símennt HR**
**Ofanleiti 2**
**103 Reykjavík**
**Sími: 599 6200**
**Fax: 599 6201**

**ru.is/simennt**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is





## brennslan mín ...

Gullfoss & Geysir

## *Áramótapartíbrennsla Gullfoss & Geysis*

Mesta partíkvöld ársins er án nokkurs vafa gamlárskvöld. Birta ákvað því að að leita til mestu partíplötusnúða landins, Gullfoss og Geysis, og fá þá til þess að búa til skothelda áramótapartíbrennslu. „Eftir áralanga reynslu í því að koma fólki í stuð eru þetta meðal annars lögin sem við treystum á," segir Reynir Lyngdal, annar helmingur dúettsins. Á gamlárskvöld ætla þeir félagarnir að halda partíinu gangandi á Vegamótum en þetta er fjórða árið í röð sem þeir verða þar um áramótin. „Það verður hörku stuð og þessi lög eiga án efa eftir að heyrast þar."

**Track 1** MICHAEL JACKSON - BILLIE JEAN
Hann er saklaus, þannig að svarthvíti kókaínfíkillinn er orðinn gjaldgengur aftur á dansgólfinu. Flott til að starta partíi.

**Track 2** DOLLY PARTON – 9 TO 5
Við ELSKUM þetta lag enda prodúserað af Mike Post, þeim sama og gerir tónlistina við Law & Order. Lagið sem gerði okkur ríka!

**Track 3** DAVID BOWIE – MODERN LOVE
Þetta lag grúvar svo vel að þú getur startað slammdansi í skírnarveislu með því að droppa þessu á fóninn.

**Track 4** THE RAH BAND – CLOUDS ACROSS THE MOON
Átakanleg ástarjátning eiginkonu geimfara til síns heittelskaða, minnir mann pínulítið á stemninguna í kvenfélaginu í Grindavík.

**Track 5** BJÖRGVIN & RAGNHILDUR – ÉG GEF ÞÉR ALLT MITT LÍF
Höstlaradiskó frá Jóhanni Helgasyni, pikkuplag lífs okkar. Þar sem fagmennirnir versla er þér óhætt...

**Track 6** ABBA – MAMMA MIA
Ef við stofnuðum svona hljómsveit myndi hún heita ERJE. Við myndum sennilega ekki vinna Eurovision og ekki ná vinsældum. ABBA er hins vegar frábært partíband sem á heima alls staðar.

**Track 7** OUTKAST – HEY YA
Þetta lag er þannig að það hefði gengið í partíum 1970, 1980, 1990 og 2000. Tímalaus snilld enda André og bræður hans algjörir snillingar.

**Track 8** DONNA SUMMER – LOVE TO LOVE YOU
Lagið endalausa, það kemur fólki í eins konar trans og þú getur spilað þetta lag í marga klukkutíma án þess að fólk fái flog eða leiða á laginu.

**Track 9** ELTON JOHN ÁSAMT KIKI DEE – DONT GO BREAKING MY HEART
Elton nýgiftur og svona, þá er ekki úr vegi að dusta rykið af þessu lagi, horfa hugsi í kringum sig og spyrja: Hvað varð um Kiki Dee?

**Track 10** PROUD MARY – TINA TURNER ÁSAMT OFBELDISMANNINUM IKE
Það virðast allar stelpur hafa lært einhvern dans við þetta lag sem er karlmönnum óskiljanlegt. Athyglisverð mannfræðipæling að sjá hvernig dansgólfið skiptist í tvennt, þær sem vita og svo við.

## » birta mælir með...



**VEITINGASTAÐNUM RED CHILI** Svo virðist sem farið hafi framhjá mörgum að á Laugavegi 176 er dýrindisveitingastaður sem býður bragðlaukana velkomna. Staðurinn heitir Red Chili og er matseðilinn að mestu byggður upp af mexíkóskum réttum. Matseðillinn svalar vel þessari græðgistilfinningu sem margir kannast við, þegar við hugsum „mig langar í eitthvað djúsí". Skammtarnir eru stórir og gríðarlega gómsætir og einnig er mikið af smáréttum á seðlinum. Svo geta fótboltaáhugamenn horft á boltann í friði fyrir matargestum og öfugt, og reyklausir notið ferska loftsins í friði fyrir strompunum og öfugt.



**... KVIKMYNDINNI KING KONG** Peter Jackson virðist hafa eitthvað sérstakt lag á því að búa til langar en áhugaverðar myndir. Reyndar verður að segjast að hann hefur svo sem ekki vantað efniviðinn. Nýjasta mynd þessa íturvaxna nýsjálenska leikstjóra, King Kong, er góðir þrír tímar en nær aldrei að verða langdregin. Þvert á móti er hún spennandi og fjörug nær allan tímann. Þrátt fyrir stundum áberandi lélegar tæknibrellur og nokkur afar væmin atriði er þetta fyrst og fremst ævintýri. Sagan er sterk og leikurinn yfir höfuð trúverðugur. Ein besta afþreyingarmynd ársins, án nokkurs vafa.



**... NOAH'S ARK MEÐ COCOROSIE** Systurnar Sierra og Bianca Casady með sína aðra plötu sem kom út á seinni part þessa árs. Þær eru fallegar, hæfileikaríkar, syngja vel og svo semja þær fallega og frumlega artí-fartí tónlist. Svona getur heimurinn verið ósanngjarn. Með nýjustu plötunni sinni sína þær og sanna að þær eru ekkert slor. Hafa þétt lagasmíðar sínar til muna en fyrri platan La Maison de Mon Reve var alveg einstaklega óheilsteypt plata. Örkin hans Nóa er hins vegar mun jafnari og inn á milli reynast algjörar perlur eins og til dæmis titillag plötunnar og þríleikur þeirra systra og Antony, sem vanalega treður upp með The Johnsons, í laginu Beautiful Boyz. Afar sjarmerandi plata sem gott er að smella á fóninn í listaspíru kokkteilboði eða bara í sunnudagseftirmiðdegisþrifunum.

NÝTT

## Skilríki í gemsann

Nýi hluturinn þessa vikuna er ættaður frá Japan, eins og svo margt annað sniðugt. Skólayfirvöld í Kanagwa-tækniháskólanum voru orðin langþreytt á því að nemendur gleymdu skilríkjum sínum heima lon og don. Til að ráða bót á þeim vanda var ákveðið að koma skilríkjunum fyrir í hlut sem enginn nemandi með vott af sjálfsvirðingu mundi nokkru sinni skilja við sig: Farsímanum.



Rafrænum skilríkjum verður því komið fyrir í símum sem nemendur skólans fá afhenta í vor og kemur það til með að opna fyrir marga notkunarmöguleika. Til dæmis bjóða símarnir upp á grenndarsamskipti sem þýðir að í nokkurra sentímetra fjarlægð geta þeir tekið við og sent upplýsingar til annarra tækja. Þannig verður til dæmis hægt að nota símana til að opna læstar hurðir og borga fyrir mat í mötuneytinu sem færist þá á reikning símaeigandans.



**Intercoiffure óskar viðskiptavinum sínum árs og friðar!**

**HÖFUÐLAUSNIR HÁRSNYRTISTOFA**
Hverafold 1 – 3

**CARMEN**
Miðvangi 41 Hafnarfirði

**ÁRGERÐI HEILDVERSLUN**
Gilsbúð 5 Garðabæ

**SALON REYKJAVÍK**
Glæsibæ

**MEDULLA, HÁRSNYRTISTOFA**
Strandgötu 37 Akureyri

**HÁRSNYRTISTOFAN STRÚKTÚRA**
Hár og Heilsa
Glerárgötu 7 Akureyri

**CLEO**
Garðatorgi 3 Garðabæ

**MÖGGURNAR Í MJÓDD**
Álfabakka 12

**DÚDDI HÁRSNYRTISTOFA**
Engjateigi 17

**ELEGANS**
Hafnargötu 61 Keflavík

**PERMA**
Eiðistorgi 13 – 15 Seltjarnarnesi

**BÁRA KEMP – HÁR OG SNYRTING**
Hverfisgötu 105

**SALON V.E.H.**
Húsi Verslunarinnar

intercoiffure
Í S L A N D

**SPÚTNIK:**



Gullskreytt pils kr. 5.400



Gulltaska og fjólubláar festar kr. 2.500 og 2.800



Fjólublár toppur kr. 6.400



Rauðar hnépallíettu-buxur kr. 2.900

# *Hámóðins gamaldags glamúr*

Áramótin eru hátíðlegur tími, tími til að fagna í faðmi fjölskyldu og vina og tjalda öllu sem til er í fæði og klæði. Ef glamúr á einhvern tíma við þá er það um áramót.

Glitrandi skraut er ómissandi hluti áramótanna hvort sem er á veisluborðinu eða veisludressinu.

Glamúr liðinna ára svífur yfir vötnum í tískunni þennan veturinn enda hafa gamlar flíkur og hátískufatnaður með tilvísun til liðinna ára sjaldan verið jafnvinsæll.

Verslanir með gömul föt hafa sprottið upp og bjóða upp á girnilegt úrval af geðveikum gamaldags glamúrflíkum. Pallíettutoppar og kjólar eru hvað mest áberandi, fjólublái liturinn er litur ársins og glysið er alls staðar, í pilsum, blússum, töskum, skóm, skarti og höfuðfötum.

Það er auðvelt að gleyma sér við grams í glamúrnum, alltaf eitthvað nýtt sem grípur augað og það er sannarlega af nógu af taka þegar kemur og glysi og glamúr fyrir þessi áramót.

Umsjón: HILDUR HAFSTEIN Myndir: HARI OG HEIÐA

**GYLLTI KÖTTURINN:**



Bolero-vesti og minkur kr. 5.600 og 7.200



Fjólublár kjóll kr. 8.100
Belti kr. 3.800
Leggings kr. 2.500
Rebbi kr. 9.800



Gulltoppur, grænt pils og koparlitt pils kr. 6.800, 5.600 og 5.800



Skauta-búningur kr. 4.200



Silfurskór og hattur kr. 3.200 og 2.900

**ROKK OG RÓSIR:**



Svartur kjóll með marglitu og gylltu bróderíi kr. 8.200



Svartur jakki m. silfurbróderíi, silfurskór og men kr. 9.900, 3.500 og 3.900



Bleikur pallíettu-samfestingur kr. 10.200



Gylltur kjóll, gullskór og taska kr. 8.200, 3.500 og 1.900



Fjólublár kjóll kr. 9.200
Gullfestar frá kr. 1.500


Útsala
15-50%
afsláttur
af brúðar og
samkvæmis-
kjólum
PRINSESSAN
verslun/Mjódd, s. 567 4727
www.Prinsessan.is


BÓLURNAR
BURT
silicol skin
Silicol Skin®
Fæst í öllum apótekum


TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM
FYRIR ÁRAMÓTA OG
NÝÁRSFÖRÐUN
FULL BÚÐ AF MADINA
SNYRTIVÖRUM
MADINA
MILANO / REYKJAVIK
Laugaveg 30a GSM 692 0892 Sími 5344100



Friðrik, Mary og litli prinsinn sem hefur átt alla athygli Dana síðan hann fæddist.

# Ár prinsins

Texti: KRISTJÁN SIGURJÓNSSON

Árið í ár verður lengi í minnum haft í dönsku konungsfjölskyldunni, enda fæddist krónprins hinn 15. október. Meðganga Mary var mál málanna frá því að tilkynnt var um óléttuna í apríl. Danska þjóðin fylgdist spennt með því hvernig kúlan stækkaði og brosið á Mary breikkaði.

### Þunguð og þokkafull

Það var mál manna að prinsessan tæki sig einstaklega vel út ólétt. Hvert sem hún fór voru ljósmyndarar á eftir henni og óteljandi myndir birtust af henni í slúðurblöðunum. Fólk dáðist einnig að dugnaðinum í prinsessunni en hún sinnti opinberum skyldum sínum að miklum krafti alveg fram á áttunda mánuð meðgöngu. Reyndar fannst mörgum nóg um og var biðlað til prinsessunnar um að taka því nú aðeins rólega. Mary hlýddi loks ráðum lækna og hélt kyrru fyrir þar til hún fæddi prinsinn.

### Lukkulegur faðir

Fæðingin gekk vel. Friðrik, sem stundum kallaður er grátprinsinn eftir frammistöðu sína í eigin brúðkaupi, var kampakátur þegar hann tilkynnti fjölmiðlum fæðingu sonarins. Fyrstu myndirnar birtust svo af barninu fjórum dögum síðar. Tók fjölskyldan sig vel út á þeim. Stuttu síðar var litli prinsinn svo óvænt fluttur á spítala vegna fyrirburagulu. Gekk meðferðin vel og var hann útskrifaður daginn eftir. Síðan hefur lítið til fjölskyldunnar spurst, aðeins nokkrar myndir birst af henni í göngutúrum. Hins vegar má reikna með heljarinnar veislu 21. janúar þegar skírnin fer fram.





Jóakim og nýja spænska kærastan. Hann er greinilega fyrir dökkhærðar konur.





Alexandra og Martin sem sáust í innilegum faðmlögum.

### Hver er senjórítan?

Hlutskipti bræðranna Friðriks og Jóakims er misjafnt þessi misserin. Á meðan Friðrik hugar að syni sínum eltist Jóakim við óþekkta spænska stúlku. Ekkert er vitað um nafn kærustunnar eða bakgrunn hennar. Hins vegar náðust myndir af þeim saman í síðbúnu sumarfríi í Frakklandi á haustmánuðum. Vitað er að Margrét drottning er ekki ánægð með hegðun sonar síns og finnst of stutt liðið síðan gengið var frá skilnaði hans og Alexöndru.



Margrét drottning og Hinrik prins við brúðkaup Friðriks og Mary. Drottningin hefur glímt við slæma heilsu undanfarið og hefur verið ráðlagt af læknum að taka því rólega.

### Alexandra og Martin

Það var fussað og sveiað víða í Danaveldi í ágúst. En þá birtust myndir af Alexöndru í innilegum faðmlögum við ungan karlmann. Martin heitir sá og er fjórtán árum yngri en prinsessan. Nú hefur sambandið þróast og dvelur Martin löngum stundum á heimili prinsessunnar í Hellerup. Óvíst er hvort hann muni eyða jólunum á heimilinu en Alexandra mun halda jólin ein með Nicolai og Felix, sonum sínum. Jóakim verður hins vegar með foreldrum sínum og fjölskyldu bróður síns.

### Versnandi heilsa drottningar

Slitgigtin sem angrar drottninguna hefur ágerst í ár. Hún hefur þurft að minnka við sig vinnu og hefur Friðrik þá hlaupið í skarðið. Vitað er að Hinrik prins hefur beðið konu sína um að taka sér lengri frí og fór hún að ráðum hans í haust þegar hún dvaldi í rúma viku í höll þeirra í Frakklandi.

Þó litlar líkur séu á barnsfæðingu í fjölskyldunni á næsta ári verður eflaust nóg fyrir dönsku slúðurblöðin til að japla á. Prinsinn ungi verður eflaust vinsælt umfjöllunarefni og sennilega fá Alexandra og Jóakim lítinn frið fyrir fjölmiðlum til þróa sambönd sín. Einnig má reikna með að heilsa drottningarinnar verði undir smásjá blaðanna.



Það var altalað hvað Mary var glæsileg á meðgöngunni og hvað hún hlífði sér lítið við konunglegar skyldur sínar.

## Vatnsleikfimi, ungbarnasund og skriðsund

**Í sundlauginni í Mýrinni, Garðabæ.**

Hin sívinsælu vatnsleikfiminámskeið eru að hefjast aftur.
Frábært líkamsræktarform fyrir konur á öllum aldri.

Nýtt – Nýtt – Nýtt
**Býð nú einnig upp á vatnsleikfimi fyrir barnshafandi konur.**

**Ungbarnasund**
Þessar dásamlegu samverustundir fjölskyldunnar eru ómissandi.

**Skriðsund**
Þú lærir skriðsund á aðeins tveimur vikum. Frábær líkamsrækt.

**Nánari upplýsingar: Birna Guðmundsdóttir – Íþrótta- og ungbarnasundskennari.**
elinbirna@simnet.is
gsm: 891-8511
www.likamsraekt.is











## Stafræni ljósmyndaskólinn

Nú eru að hefjast áhugaverð námskeið í meðhöndlun gamalla og stafrænna ljósmynda, flestir kannast við að taka mikið af myndum en hvað á að gera við þær?

### Á námskeiðinu lærir þú:

- Að meðhöndla og flokka myndir í tölvunni
- Að varðveita gömlu ljósmyndirnar öruggt
- Að varðveita stafrænu ljósmyndirnar öruggt
- Að framkalla stafrænar myndir heima í stofu
- Að búa til úrval gjafavara með eigin ljósmyndum, td. boli, bolla, skartgripi, veggspjöld, spil, ofl.
- Að búa til DVD ljósmynda “kvikmyndadisk”
- Að búa til prentaða myndabók með texta

upplýsingar og skráning www.myndaalbum.ws

## Kvöldskóli BHS

Innritun í málmiðndeild kvöldskóla Borgarholtsskóla verður eftirfarandi daga.

| | | |
|---|---|---|
| mi›vikudag | 4. janúar | kl. 17 - 19 |
| fimmtudag | 5. janúar | kl. 17 - 19 |
| föstudag | 6. janúar | kl. 17 - 19 |
| laugardag | 7. janúar | kl. 11 - 14 |

Eftirtaldir áfangar verða í boði fyrir almennt bóknám og allar málmiðngreinar. Tilvalið fyrir þá sem eru að fara í sveinspróf í málmiðngreinum. Einnig eru kenndar allar suðugreinar,s. MIG/MAG, TIG, logsuða og rafsuða. Þá er í boði allir áfangar í rennismíði, handa og plötuvinnu,ásamt allvélavirkjun og áfangar fyrir pípulagnir og fl.

| Bóklegt efni | | Fagbóklegt efni | | Teikningar | | Verklegt | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| DAN - 102 | danska | IRB - 253 | innteikningur | CAD - 113 | tölvuteikning | HSU-102/202 | verkleg suða |
| EÐL - 102 | eðlisfræði | ITB - 254 | innteikning pípara | GRT - 103 | grunnteikning | LSU-102/202 | verkleg suða |
| ENS - 102 | enska | IVT - 112 | iðnvélatækni | GRT - 203 | grunnteikning | RSU-102/202 | verkleg suða |
| ENS - 202 | enska | EFM - 212 | efnisfræði málma | ITB allir áfangar | innteikning bygg | RLS-102 | verkleg suða |
| ENS - 212 | enska | GÆV - 101 | gæðavitund | ITM - 114 | innteikning | REN-103/203 | verkleg rennism. |
| FÉL - 102 | félagsfræði | REK - 102 | rekstrarfræði | ITM - 213 | innteikning | REN-303/313 | verkleg rennism. |
| ÍSL - 102 | íslenska | VHM - 102 | bókl. vélahlutafræði | TTÖ - 103 | tölvuteikning | REN-403/413 | verkleg rennism. |
| ÍSL - 202 | íslenska | VLV - 112 | loft og vökvi | | | VVR-123 | verkleg rennism. |
| STÆ - 102 | stærðfræði | VTB - 253 | verktækni pípara | | | AVV-103/203 | verkleg vélvirkjun |
| STÆ - 122 | stærðfræði | VVR - 101 | vélamál bóklegt | | | HVM-103/203 | handavinna |
| | | VVR - 112 | verklegar loftstýringar | | | REN-103/203 | verkleg rennism. |
| | | ÖRF - 101 | öryggis og félagsmál | | | PLV-102/202 | plötuvinna |
| | | | | | | VVR104 | Smíðar |
| | | | | | | VVR-214 | Díselvél |

Upphaf kennslu: mánudag 9.janúar frá 18:10-22:30 Lok kennslu: laugardaginn 13. maí frá 8:10-12:30

- athið að áfangar geta fallið niður, náist ekki nægur fjöldi í hópa

Innritunargjald verður kr. 14000. Verð á bóklega einingu er kr. 1500 og verklega einingu kr. 3000.

**Hámarksgreiðsla er kr: 40.000**

Sími: 535-1716 í málmdeild póstfang: www.bhs.is

*Próf eru í síðasta kennslutíma, eða í samráði við kennara í viðkomandi fagi*

Prófsýni og einkunnafahending er 18. Maí kl: 17-18 í stofu 262 málmskála  Útskrift er 20. Maí kl: 14:00

# Sótti snemma í sviðsljósið

**Halla Vilhjálmsdóttir hefur verið í ströngu leiklistarnámi í London síðustu ár og stekkur nú fram á svið Þjóðleikhússins sem ein aðalstjarnan í Túskildingsóperunni, tuttugu og þriggja ára gömul.**

Halla hefur tyllt sér niður við hornborð í Alþjóðahúsinu og er að panta kaffi latte þegar blaðamaður mætir. Hún valdi staðinn fyrir viðtalið og eyðir tíma sínum greinilega ekki í óþarfa ráp því hún er í vinnu hinum megin götunnar. Í sjálfu Þjóðleikhúsinu. „Mér finnst ég rosalega heppin,“ segir hún. „Þetta er algert draumahlutverk og það er ekki ónýtt að fá slíkt tækifæri,“ heldur hún áfram og rekur tildrögin að því. „Það var bara í byrjun nóvember sem Tinna þjóðleikhússtjóri hafði samband við mig. Ég var úti í London en tók fyrstu vél heim og kom beint af flugvellinum niður í Þjóðleikhús í prufur. Þá tók við erfitt ferli og miklar æfingar áður en ákvörðunin var tekin.“

Halla er líka að leika í Sölku Völku í Borgarleikhúsinu en tekur samt fram að hún sé hér á landi tímabundið því London sé draumastaðurinn og þar leigi hún íbúð. „Mig langar að búa í útlöndum en er þó ekki með Hollywood-þrá og finnst Bretland miklu áhugaverðara. Bretar hafa líka svo góðan húmor! Ég hef unnið í eitt ár úti eftir skólann, aðallega í sjónvarpi og auglýsingum en svo fóru mér að bjóðast svo frábær tækifæri hér að ég ákvað að skella mér heim. Það er gaman að leika á íslensku, gaman að leika á sviði og gaman að leika með því fólki sem maður hefur alltaf litið upp til. Svo er líka frábært að komast í mat hjá mömmu,“ segir Halla, sem er dóttir Louisu Einarsdóttur, starfsmanns hjá Flugleiðum, og Vilhjálms Guðjónssonar tónlistarmanns.

### ÁTTA ÁRA Í GRÍSKUM HARMLEIK

Þegar ég hitti Höllu fyrst fyrir tæpum fimm árum var hún að æfa aðalhlutverkið í Kabarettsýningu Kvennaskólans, ásamt því að landa stúdentsprófi þar eftir þriggja ára nám og hendast í inntökupróf í hina ýmsu leiklistarskóla. Búin að leika í ótal auglýsingum, Bugsy Malone, sjónvarps- og útvarpsleikritum. Alltaf eitthvað að bralla. Hún er ein af eftirminnilegum viðmælendum mínum frá árunum á Degi, bráðlifandi og skemmtileg. Og hún hefur ekkert breyst. Ég bið hana að rifja upp sitt fyrsta hlutverk. „Ég lék grískan strák í harmleiknum Medeu í Alþýðuleikhúsinu þegar ég var átta ára. Lék yngri son Medeu. Föðursystir mín var að vinna við leikhúsið og stakk uppá að ég færi í prufu. Þannig kom nú það til.“

-Fannstu strax að þú vildir verða leikari?

„Já, já, já. Ég man ekki eftir að hafa þurft að taka þá ákvörðun. Reyndar lék ég í fyrstu auglýsingunni minni þegar ég var svona þriggja, fjögurra ára. Ég byrjaði líka að syngja í auglýsingum mjög ung. Sótti svona í sviðsljósið. Öfugt við bræður mína. Það þyrfti að greiða þeim ansi stóra summu til þess að anda í míkrófón. Foreldrar mínir vilja líka vera bak við tjöldin svo ég sé bara um þetta fyrir hönd fjölskyldunnar! Það kom aldrei sá punktur í lífi mínu sem ég hugsaði: Hm, ætti ég að fara í inntökupróf sem læknir eða leikari? Músíkin var alltaf þarna og mér fannst leiklistin sjálfsögð. Það er líka ágætt. Ég slapp við að lenda í tilvistarkreppu og gat stefnt á leikarann. Fór til dæmis á tungumálabraut í Kvennó og lagði áherslu á enskuna. Skrifaði stúdentsritgerðina um Shakespeare, þannig að ég var byrjuð að búa mig undir átökin.“

### VANTAR EKKI BARA BEIN!

Höllu hefur komið vel að hafa enskuna á hreinu því hún fékk ekki inni í leiklistarskólanum hér en flaug hins vegar inn í hinn virta Guildford-leiklistarskóla rétt suður af Lundúnum. Það er strangur skóli. „Þetta er svakalega stíft nám og maður fer ekki í gegnum það með hálfum huga. Þetta verður að vera algerlega það sem maður vill því það er enginn tími fyrir utan skóla og svefn. Eitt það fyrsta sem spurt er um í prufunum er: „Myndurðu hætta með kærastanum þínum til þess að komast í skólann?“ Þar með er verið að athuga hversu mikil alvaran sé.“ Að sjálfsögðu er Halla spurð hvort hún hafi fórnað miklu á þessu altari en það vill hún ekki meina. „Ég átti að vísu kærasta þegar ég fór út en hann var hér heima þar til sambandið trosnaði.“

Hún segir mikið lagt upp úr líkamlegri getu í leiklistarskólanum, ekki síður en öðrum hæfileikum. „Dagurinn byrjar oft á klassískum ballett eða einhverri rosalegri þjálfun og ég er enn með ör á hnjánum eftir hinar og þessar fórnir í sviðsbardaga. Ef maður var ekki með blóð á hnjánum eftir æfingarnar var maður ekki að gera þetta almennilega.“

-En þú sagðir mér um árið að þú værir eiginlega fæddur trúður þannig að þú hefur líklega átt þokkalega létt með þessar hreyfingar. Mig minnir að þú hafir spáð í hvaða bein vantaði í þig!

„Það vantar nú ýmislegt í mig og ekki bara bein,“ segir hún hlæjandi. „Ég er eiginlega fædd til að vera í sirkus og er liðug og sterk. Það kemur sér vel og í Túskildingsóperunni er þetta allt notað nema hæfileikar mínir til að borða súkkulaði. Vannýtt auðlind þar! Þetta er mjög skrautleg sýning og allir sýna mikla hæfni í hinum ýmsum greinum eftir því sem við á. Þetta er allt listafólk fram í fingurgóma sem er í sýningunni og hver dagur er skóli fyrir mig. Svo er tónlistin stórglæsileg og alveg einvalalið sem flytur hana. Tíu manna band.“

### GAUJA Í KRÓKNUM OG STÍNA VINNUKONA

Í Sölku Völku leikur Halla Gauju í Króknum og Stínu vinnukonu og þótt þau hlutverk séu ekki stór segir hún þau taka á. „Það er flakkað um í tíma og ég er í stöðugum hárkollu-og fataskiptingum. Ef þetta væri í krónólógískri röð væri ég Stína fyrir hlé og Gauja eftir hlé en til þess að byggja upp dramatík er miklu sniðugra að hafa þetta svona. Það er líka rosa

Viðtal: GUNNÞÓRA GUNNARSDÓTTIR Myndir: HARI



*„Ef maður var ekki með blóð á hnján-um eftir æfing-arnar var maður ekki að gera þetta almennilega.“*

gaman og reynir á einbeitinguna. Þetta hefur verið frábært og mikill heiður að fá að vinna með henni Eddu Heiðrúnu. Ég hef alltaf verið mikill aðdáandi hennar.“

Framtíðin? Þögn í smá stund. „Framtíðin er bara björt og skemmtileg. Ég er búin að fá tilboð eftir jól. Það stendur til að ég fari í barnasöngleik næst sem heitir Hafið og verður sýndur í Austurbæ. Þar er fullt af góðu fólki.“

En nú ertu nýskriðin út úr skóla. Hvernig vissu allir um þig. Varðstu svona fræg eftir viðtalið í Degi? „Mmmm. (Vill greinilega ekki móðga gamla Dagsblaðamanninn.) Ég hef nú komið heim af og til og tekið þátt í ýmsum smáverkefnum og bransinn virðist að minnsta kosti vita af mér.“

*„Ég er eiginlega fædd til að vera í sirkus og er liðug og sterk. Það kemur sér vel og í Túskildingsóperunni er þetta allt nota ð nema hæfileikar mínir til að borða súkkulaði. Vannýtt auðlind þar!“*



**MARKMIÐIN FIMM**

Þar sem Halla virðist ákveðin í að fara aftur út til London er hún spurð hvort hún sé bundin í einhverjum verkefnum þar? „Nei, það virkar nú ekki alveg heldur byggist allt á markmiðum,“ svarar hún og lýsir þeim nánar. „Fyrsta markmiðið er að komast inn í skóla. Þegar því er náð er næsta markmið að ljúka honum almennilega, læra sem mest og ná prófum. Næsta markmið er að ná sér í almennilegan umboðsmann sem er hægara sagt en gert. Það er haldin sýning á útskriftarárganginum í einhverju virtu leikhúsi í miðborg London og þangað koma umboðsmenn og skoða og velja þá sem þeim líst á. Ef maður nær í umboðsmann er markmið að hann reddi manni prufu og ef maður kemst í prufu er markmiðið auðvitað að landa djobbinu. Ég er búin að fara í gegnum þetta allt og verja síðasta árinu í að hitta eins marga leikstjóra og mögulegt er og afla mér tengiliða. Er með topp umboðsmenn í London sem eru að vinna fyrir mig og þarf að fara út til að halda þessu neti við. Fyrst ætla ég þó að ljúka að minnsta kosti fjórum ólíkum verkefnum hér heima sem ég lít á sem áframhaldandi skóla um leið og ég skila þeim til minna landsmanna.“

**ALDREI Á LAUSU**

Áður en Höllu er sleppt úr þessu viðtali er nauðsynlegt að forvitnast um „persónulegu málin“?

„Á ég einhver persónuleg mál?,“ spyr hún og þykist forviða. „Ég fer bara í vinnuna og svo heim að sofa.“

Þá er hún minnt á að fyrr í þessu samtali hafi hún sagt frá sambandsslitum við kærasta. Þýðir það að hún sé á lausu? „Nei, nei, ég er komin með einn breskan upp á arminn sem heitir James. Ég er aldrei á lausu en hef þó aldrei farið á deit og aldrei verið í strákaleit. Þegar ég á ekki kærasta þá á vinnan mig!“ Hún upplýsir að þau James séu farin að búa saman í London og hann ætli að bíða hennar þar meðan hún ljúki sinni vinnutörn á Íslandi enda verði einhver að passa íbúðina. Reyndar er hann hér á landinu núna, enda svo heppinn að fá flugmiða í jólagjöf og líka miða á frumsýningu! Skyldi hún hafa kynnst honum í skólanum? „Nei, ég held ég mundi ekki hafa áhuga á að vera með öðrum leikara. James er tölvugaur og rokksöngvari. Voða ljúfur strákur og besti vinur minn. Þetta er auðvelt samband og ég er ofsalega heppin manneskja. Það er ekkert vesen í mínu lífi.“

# Fjarnám

## með áherslu á starfstengt nám

**Byggingagreinar**
Efnisfræði, framkvæmd og vinnuvernd og grunnteikning.

**Tækniteiknun**
Húsateikning, raflagnateikning, innréttingateikning, vélateikning, AutoCad og grunnteikning.

**Tölvubraut**
Forritun, gagnasafnsfræði, vefsíðugerð, vefforritun, netstýrikerfi og vélbúnaður.

**Upplýsinga- og fjölmiðlabraut**
Allar greinar í grunnnámi upplýsinga- og fjölmiðlabrautar; eins og myndbygging og formfræði, myndgreining, týpógrafía og grafísk hönnun, myndvinnsla og margmiðlun, hljóðtækni, ljós- og litafræði, inngangur að fjölmiðlun.

**Meistaraskóli**
Allar stjórnunar- og rekstrargreinar.

**Almennt nám**
Enska 212, ENS303, grunnteikning, STÆ202, algebra og föll, STÆ 303, stærðfræði, UTN103, notkun upplýsingatækni og tölva í námi.

*Innritun og greiðsla á neti stendur yfir og er opin til 15. jan. 2006 á www.ir.is.*

*Kennsla einstakra áfanga er með fyrirvara um næga þáttöku.*

*Allar frekari upplýsingar í síma 522 6500 eða á vef skólans www.ir.is.*

# Kvöldskóli

**Bygginga- og mannvirkjagreinar**
Verklegt og bóklegt grunn- og framhaldsnám.

**Rafiðnanám**
Grunnnám rafiðna 2. önn. Rafvirkjun 3.–7. önn.

**Listnám**
Ýmsir áfangar í kjarna og á kjörsviði almennrar hönnunar.
Öflugur undirbúningur fyrir framhaldsnám í hönnun.

**Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar**
Grunnnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina.
Undirbúningur fyrir nám í grafískri miðlun, vefsmíð, ljósmyndun, nettækni, prentun og bókbandi..

**Tækniteiknun**
Fjölbreyttir áfangar í AutoCad.

**Meistaraskóli**
Allar rekstrar- og stjórnunargreinar.
Faggreinar byggingagreina.

**Almennt nám**
Bókfærsla, danska, eðlis- og efnafræði, enska, félagsfræði, fríhendisteikning, íslenska, grunnteikning, spænska, stærðfræði, tölvugreinar, þýska, notkun upplýsingatækni og tölva.

*Innritun og greiðsla á neti stendur yfir og er opin til 4. jan. 2006 á www.ir.is.*

*Innritun með aðstoð verður í matsal skólans, þri. 3. og mið. 4. jan., frá kl. 16–19. (Hægt er að greiða með peningum, debet- eða kreditkorti).*
*Kennsla hefst mán. 9. janúar 2006.*
*Kennsla einstakra áfanga er með fyrirvara um næga þátttöku.*

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

**Fjöldinn allur af áhugaverðu fólki birtist á forsíðu Birtu árið 2005 og allir höfðu frá einhverju skemmtilegu að segja. Líf margra hefur tekið óvænta stefnu á árinu á meðan aðrir hafa sígildan sannleik fram að færa.**

# Birtust í *Birtu*



LJÓSMYNDIR/TEITUR OG HARI

*Ég myndi ekki skipta á neinu ráðuneyti eða þingsæti fyrir að vera bæjarstjóri.*

(Ásdís Halla Bragadóttir, forstjóri BYKO 11. mars)



*Við í Quarashi ætlum síðan aðeins að halda okkur til baka úr sviðsljósinu og fylgja plötunni eftir í Japan.*

(Sölvi Blöndal, 21. janúar)



*Það er reyndar mín skoðun að maður eigi að hætta leik þá hæst stendur, þessvegna lendi ég heldur aldrei í leigubílaröð.*

(Simmi Idolkynnir, spurður hvort þeir Jói ætluðu að taka að sér kynningarstörf í þriðju Idolseríunni, 4. febrúar)



*Ég er ekki í sveitaballabransanum en það eru svo sem engar staðalímyndir í poppbransanum.*

(Hildur Vala, Idolstjarna, 18. mars)



*Herðapúðarnir eru samt ekki langt undan. Támjótt er á leið út en hverfur þó aldrei. Gull er að koma inn.*

(Svava Johannsen, tískudrottning Íslands, 8. apríl)



*Ég læri af börnunum mínum, vinum mínum og fjölskyldu – og mistökunum.*

(Herdís Þorgeirsdóttir, 20. maí)



*Við fáum rosalega góða reynslu úr þessum þætti og reynslan reynist oft verðmætust í þessum bransa.*

(Gunnhildur og Helgi, stjórnendur Djúpu laugarinnar á Skjá einum, 15. apríl)



*Fólk horfir á mig í sjónvarpinu og skoðar hárið á mér, fötin og förðunina og ef það er ekki í lagi er eins og það fari allt fyrir ofan garð og neðan sem ég segi.*

(Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, 27. maí)



*Við eigum að halda áfram að segja sögur og deila upplifunum hvers annars. Þannig munum við lifa af sem manneskjulegt samfélag.*

(Sjón, 25. nóvember)

# 2005



*Við leggjum af barneignir í fimm ár með tilheyrandi samdráttarverkjum fyrir þjóðarbúið og hvað ætli bændur geri þá?*
(Oddný Sturludóttir, móðir og þýðandi, 8. júlí.)



*Mér fannst ég til dæmis aldrei hafa neina burði til að verða atvinnumaður og ég hafði aldrei neina háleita drauma um frægð og frama í fótboltanum.*
(Birkir Kristinsson, 9. september)



*Enginn vill vera misskilinn stjórnmálamaður. Ef maður talar ekki nógu skýrt verður að tala skýrar, og það var ákveðin lexía.*
(Ásta Möller þingkona, 23. september)



*Það er greinilega almennur misskilningur að ég segi að allt sé flott. Það er ekki rétt.*
(Vala Matt, 26. ágúst)



*Um leið og maður ákveður að verða betri þá sér maður strax árangur.*
(Ásthildur Helgadóttir, fótboltakona og íþróttakona ársins 2005, 17. júní)



*Núna er ég hvorki ungur né gamall, með grásprengt hár sem er bara kostur.*
(Björn Sveinbjörnsson ofurfyrirsæta, 29. júlí)



*Ég hef alltaf horft á björtu hliðarnar og þess vegna er ég sennilega svona hress, 78 ára.*
(Ingibjörg Þorbergs, 4. nóvember)



*Treystið innsæinu, hlustið með opnum huga, ekki vera meðvirk, ekki fara út í hreppapólitík og ekki velja einhvern bara af því að hann er frændi ykkar, því þetta skiptir máli.*
(Páll Óskar Idoldómari kennir fólki að kjósa, 30. september)



*Ég er að taka upp plötu núna sem er poppaðri en samt í klassískum og ítölskum anda. Mér finnst að ef maður getur sungið fleiri en einn stíl, skammlaust, þá eigi maður bara að gera það.*
(Garðar Thor Cortes, 7. október)



*Það að vera ættleidd hefur kennt mér að vilja ná sem mestu út úr lífinu. Ég held að ég sjái tækifærin betur en margir aðrir.*
(Yesmine Olsson, 2. september)



*Ég tók þá afstöðu að öskra ekki, eins og margir kokkar eru þekktir fyrir að gera. Ég veit að fólk ber virðingu fyrir mér þó svo ég standi ekki í eldhúsinu og öskri.*
(Hrefna Rósa Jóhannsdóttir Sætran landsliðskokkur, 16. desember)

Umsjón: HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR Myndir: GUNNAR SVERRISSON Ritstjórar tímaritsins Veggfóðurs



# *Sætt og sniðugt á milli jóla og nýárs*

Fyrir þá sem eru enn í stuði fyrir smá sætindi. Þessir marengstoppar eru fylltir súkkulaði og lakkrís ásamt kókosflögum. Góður biti með kampavíninu þegar fagna skal nýju ári. Lostæti í augum barna. Uppskriftin er ættuð frá Selfossi þar sem hún hlaut verðlaun fyrir nokkrum árum. Um að gera að leyfa fleirum að njóta hennar!

**6 eggjahvítur**
**200 g sykur**
**200 g púðursykur**
**200 g lakkrísreimar, skornar í um 1 cm bita**
**150 g saxað suðusúkkulaði**
**200 g kókosmjöl eða lífrænt ræktaðar kókosflögur**

**Hrærið eggjahvítur þar til þær freyða aðeins, blandið þá sykrinum saman við og þeytið þar til stíft. Setjið lakkrís, súkkulaði og kókos út í og blandið varlega. Setjið með matskeið á bökunarpappír. Bakið við 150 gráður í 10-15 mín. Athugið að best er að hafa kökurnar alveg ljósar. Alls ekki baka of mikið, best að hafa miðjuna mjúka, annars harðnar lakkrísinn sem er ekki eins gott.**




Nýtt
ORIGINAL
GEVALIA
HELE BØNNER
100% ARABICA KAFFE
Fyldig aroma.
Den originale smag.
400g
Loksins er komið hágæða baunakaffi frá GEVALIA fyrir allar gerðir baunavéla. Smakkaðu 100% Arabica baunakaffi um jólin.
Baunir frá GEVALIA
Það er kaffið

Saltkringlur eru hluti af snakkinu sem margir narta í á gamlárskvöld. En það má gera svolítið sniðugt við þær ... nefnilega að súkkulaðihúða þær. Þá verða þær veglegri og meiri að bíta í. Líta líka skemmtilega út. Bræðið einfaldlega súkkulaði yfir vatnsbaði, takið stórar og heilar saltkringlur og dífið í súkkulaðið. Þekið vel. Látið súkkulaðið harðna með því að leggja kringlurnar á bökunarpappír eða bökunargrind. Berið fram með góðum drykk.





**Sóley Rut Ísleifsdóttir, þjónustufulltrúi hjá VÍS. Hún vinnur þar við uppgjör og öll almenn skrifstofustörf.**

„Ég fékk mjög gott starf á frábærum vinnustað. Tölvu- og skrifstofunámið í Tölvuskólanum Þekkingu hjálpaði mér að öðlast það sjálfstraust sem þurfti til að sækja um nýtt og krefjandi starf. Það er aldrei of seint að byrja að læra eitthvað nýtt og fyrir mig var þetta góð fjárfesting og frábær tími í góðum félagsskap í skemmtilegum og krefjandi skóla. Takk fyrir mig!“

# Tölvu- og skrifstofunám

**Í þessu námi er tekið fyrir allt um tölvur, bókhald og skrifstofutækni sem fólk þarf að kunna skil á í nútímafyrirtækjum.**

Sérlega viðamikið og hagnýtt 260 stunda nám í takt við þarfir markaðarins, nám sem hentar fólki á öllum aldri, hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju eða vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun.
Að námi loknu eiga þátttakendur að geta unnið sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf og í öllum helstu skrifstofuforritunum, sem ritarar eða í bókhaldi.
Þátttakendur þurfa að vera orðnir 18 og hafa lokið grunnskólaprófi.
Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.

**Tölvugreinar:** Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla, Word ritvinnsla, Excel, Internetið, spjallrásir, MSN ofl. og Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag.

**Margmiðlun:** PowerPoint glærukynningar, Stafrænar myndavélar og meðferð stafrænna mynda í tölvu, tónlist í tölvunni og spilurum, CD - DVD vinnsla ofl.

**Persónuleg færni:** Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár. Enska, þjálfun í talmáli og ensk verslunarbréf, sölutækni og markaðsmál.

**Viðskiptagreinar:** Verslunarreikningur, VSK meðferð og reglur, bókhaldsgrunnur, tölvubókhald í Navision og tollskýrslur.

Mikið er lagt uppúr sameiningu kennslugreina til að spara tíma - „Learn by doing"- PowerPoint glærukynningar sameinaðar tjáningu, framkomu og sölutækninni, Word ritvinnslan að hluta til tekin fyrir á ensku ásamt ensku verslunarbréfunum og gerð ferilskráa. Tollskýrslur að hluta til sameinaðar tölvubókhaldinu. Verslunarreikningur og VSK útreikningar teknir saman svo eitthvað sé nefnt. Framhaldsþjálfun í Excel í bókhaldshlutanum.

**Boðið er upp á morgun og kvöldhópa. Hefst 26. janúar.**

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

*Skráning á vorönn hafin í síma 544 2210, á vef skólans; www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is*

**Faxafen 10 • 108 Reykjavík**
**Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215**
**www.tsk.is • skoli@tsk.is**

Frapin er ein elsta koníaksfjölskylda Frakklands og hefur framleitt koníak í tuttugu ættliði allar götur frá árinu 1270. Frægasti sonur ættarinnar er eflaust rithöfundurinn Francois Rabelais, höfundur Gargantúa og Pantagrúls. Frapin-landareignin er í hjarta Cognac og í miðju eignarinnar er ættaróðal Frapin-fjölskyldunnar, höllin Chateau Font Pinot. Framleiðslan er alvöru einnar ekru Grande Champagne koníak enda Frapin þekkt fyrir að framleiða einungis koníak úr sinni eigin uppskeru fremur en að blanda saman koníaki héðan og þaðan eins og algengt er. Sé uppkera ekki viðunandi, að mati fjölskyldunnar, er hún seld öðrum framleiðendum koníaks.

Frapin leggur mikið upp úr að benda á gæði og leyfa fólki að dæma sjálft eftir eigin höfði, t.d. varðandi aldur á koníaki.

Hér á eftir eru upplýsingar um flokkun á koníaki samkvæmt frönskum lögum. Þetta eru þau skilyrði sem þarf til að það megi fara á markað með þessum merkingum.

Gæðakoníak:

# Frapin-koníak

## í gjafaumbúðum




## V.S.O.P.

Samkæmt lögum þarf VSOP að vera 4 1/2 árs gamalt. Frapin VSOP Cuvee Rare er 10 ára gamalt.

Frapin VSOP Cuvee Rare er selt í endurgerð af 16. aldar karöflu úr úrvals útskornu gleri í fallegum gjafapakkningum.

**Verð í Vínbúðum 4.590 kr.**

## V.I.P. XO

Samkvæmt lögum þarf XO að vera 7 1/2 árs gamalt. Frapin V.I.P. XO er 35 ára gamalt. Frapin V.I.P. XO er selt í endurgerð af 16. aldar karöflu úr úrvals útskornu gleri með gyllingu í fæti og í munstri. Tappinn er húðaður með 24 karata gulli. Kemur í fallega gylltum gjafapakkningum.

**Verð í Vínbúðum 8.990 kr.**









# Eldhús eftir máli

Hversdagslegar hryllingssögur

SÝNT Á SMÍÐAVERKSTÆÐINU!







ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# Stjörnuást 2005

Ástin getur vafist fyrir öllum en fræga fólkið býr við þá ógæfu að þurfa að lifa ástalífi sínu fyrir allra augum og það getur oft verið erfitt að bera harm sinn í hljóði undir beittu og miskunnarlausu augnaráði fjölmiðla. Árið 2005 er eins og önnur ár að því leyti að sumir fundu ástina og aðrir týndu henni, sumir virðast ætla að lifa hamingjusömu lífi til ársloka en aðrir slekija sárin og bíða eftir því í ofvæni að geta skotið árinu upp á gamlárskvöld með stærstu rakettu sem völ er á.

## Kate Moss og Pete Doherty

Heimsbyggðin varpaði öndinni léttar þegar blessunin hún Kata sparkaði þessum eiturlyfjasjúka poppdreng. Því miður tókst henni ekki eins vel upp með ósiðina sem hún (að sjálfsögðu) tók upp eftir honum. Þessi heimsfræga fyrirsæta og uppreisnarmaðurinn hennar voru eins og argasti ruslaralýður þegar þau á annað borð festust á filmu – hvílíkt rugl!







## Brad og Jen

Brad Pitt og Jennifer Aniston voru ímynd hins fullkomna hjónabands. Hann hannaði heimilið þeirra og hún málaði myndir á veggina. Margir vonuðu að þetta yrði eitt af þessum góðu Hollywood-hjónaböndum sem endast og endast. En nei, ósættanlegur ágreiningur, sem síðar kom í ljós að heitir Angelina Jolie, varð til að sundra þessu fyrirmyndarsambandi og Jennifer blessunin hefur átt bágt í ár.




## Brad og Angelina

Þau eru fallegasta fólk í heimi og því ekki að undra að þau skyldu falla hvort fyrir öðru. Það var hins vegar alveg óþarfi að vera í þessum þykjustuleik lengi framan af árinu og ljúga að heiminum um sambandsstöðu sína. Við aðdáendur eigum rétt á að vita hverjir eru á föstu og hverjir eru einhleypir í stjörnuheimum svo við getum látið okkur dreyma. En hvenær skyldu herra og frú Smith verða herra og frú Pitt...?




## Jessica Simpson og Nick Lahey

Þessi blessuðu hjón voru svo sannfærð um eilífa ást sína að þau stofnuðu í kringum hana sjónvarpsþátt til að leyfa heiminum að taka þátt í hamingju sinni. Því miður entist hún ekki út árið enda kannski erfitt að leysa ágreiningsmál með milljónir manna inni í stofu að fylgjast með.




## Katie og Tom

„Því ég elska þig svo miiiikið...“. Tom Cruise og Katie Holmes eru alveg að deyja úr ást og þau ætla heldur betur að innsigla hana með öllum ráðum. Katie hefur snúist til sömu trúar og Tom sem felur meðal annars í sér að hún þarf að láta frunsurnar sínar blómstra ómeðhöndlaðar og má ekki hafa of hátt þegar hún fæðir barn þeirra á næsta ári. Tom þurfti í staðinn að dansa apadansinn í sjónvarpinu og fórst það bara vel úr hendi.

## Jude og Sienna

Hann hélt framhjá henni með barnfóstrunni og hún gat varla fyrirgefið honum en gerði það þó en samt ekki fyrr en hún var búin að sofa hjá besta vini hans og þá varð hann harmi sleginn og neitaði að setja aftur upp hringana sem þau voru þó búin að ræða sín á milli að setja upp aftur og svo ræddu þau saman og þá ákváðu þau að reyna einu sinni enn og... Jude Law og Sienna Miller bera titilinn Jójó ársins með miklum sóma.






**Útsalan hefst mánudaginn 2.janúar kl. 11.00**

**30-50% afsláttur**

adams

Smáralind • Sími 517-5330
www.adams.is • adams@adams.is

:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

**Fjarnám allt árið! Þitt nám þegar þér hentar!**

Skráning á vorönn fer fram 6. – 15. janúar 2006
á heimasíðu skólans.
Slóðin er : http://www.fa.is/fjarnam/
Ármúla 12, 108 Reykjavík · Sími: 581 4022



allt fyrir útlitið

MARGRÉT R. JÓNASDÓTTIR

# Hátíðaförðun

Ég hugsaði þó nokkuð út í hvernig mig langaði að hafa förðunina mína yfir hátíðirnar og ákvað að ég vildi hafa hana létta og sparilega. Ég gekk á milli til að skoða jólalínuna hjá merkjunum og í þetta skiptið fann ég flestar vörurnar hjá Esteé Lauder og Lancóme.

Ég byrjaði á að setja á undirkrem sem ég get ekki lofað nægilega mikið sem heitir Prep & Prime. Það er eins og það sé búið að dýfa andlitinu ofan í þunnt parafín vax, húðin verður svo flott; slétt og mjúk! Ég prófaði nýja farðann frá Esteé Lauder sem á að vera góður fyrir þurra húð. Farðinn lyftir og sléttir úr fínum línum og er því tilvalinn fyrir konur á besta aldri og eldri. Undir augun bar ég á hyljara og yfir hann Llama augnskugga. Sá augnskuggi finnst mér góður til að hylja enn meira og festa hyljarann þannig að hann fari ekki í línur. Einnig er skugginn gulleitur þannig að hann dregur úr bláa tóninum undir augunum og gefur ljóma. Ég valdi fallegt sólarpúður frá Lancóme sem kemur í hentugum bursta. Það eina sem þú gerir er að smella á takka og þá er púðrið komið í burstann. Á augun notaði ég Lancóme tvöfaldan augnskugga #103 Night and Day. Augnskuggar eru tilvaldir fyrir þær sem mála sig lítið en vilja vera með eitthvað nýtt og sparilegt! Annar skugginn er ljós bleikur – sanseraður og hinn er brúngrár með einstaklega fallegu gylltu fínkorna glimmeri. Ég skyggði með MAC Era augnskugga og setti pínulitið af White Frost sem highlight undir augabrún. Á kinnar setti ég mjög fallegt púður frá Esteé Lauder; Color Stones Face Powder. Púðrið er þrískipt; bleikt, gyllt og kremað. Bleiki liturinn fór í kinnar og kremaði fór ofan á kinnbein, nef og enni til að gefa flottan gljáa.

Á varir valdi ég léttan bleikan varalit # 303 Crystal Pink og ofan á hann setti ég glitrandi gloss # 322 Frosty Pink frá Esteé Lauder. Gleðilega hátíð!




# Ertu óþolandi?

**Á flestum vinnustöðum er einn einstaklingur sem er alveg óþolandi. Taktu prófið og ef helmingurinn af fullyrðingum á við þig gæti það jafnvel verið þú.**



1 Þú ert búinn að finna nöfn á alla samstarfsmenn þína og uppnefnir þá alltaf þegar þú kallar til þeirra.

2 Skrifstofan þín er útötuð í myndum af börnunum þínum og listaverkum sem þau hafa teiknað.

3 Þú ert búin að plasta og hengja upp myndir af þér með frægu fólki við hliðina á listaverkum barna þinna.

4 Þú reynir að finna fyndar setningar sem ríma við skipanir yfirmanna þinna.

5 Þú borðar alltaf illa lyktandi mat við skrifborðið þitt.

6 Þú kemur með brenndar kökur og annað sem þú skemmdir í eldhúsinu kvöldið áður til að gefa samstarfsfélögum þínum.

7 Fólk lítur út fyrir að vera á tánum og jafnvel hrætt þegar þú nálgast það.

8 Þú sendir út fjölpóst á alla í fyrirtækinu alltaf þegar þú þarft að bregða þér frá. („Ef einhver reynir að hringja í mig er ég á klósettinu.“)

9 Þú tyggur tyggjóið þitt með látum og notar mikið ilmvatn.

10 Þú gerir símaöt í vinnufélaga þína þegar þú nennir ekki að vinna.

## stjörnuspá

★★★
**30. desember - 5. janúar**

**HRÚTUR 20. MARS – 19. APRÍL**
Nýtt ár fer vel í þig enda tekur þú nýjungum yfirleitt fagnandi. Strengdu þín heit í hófi og settu þér frekar það markmið að standa við þau.

**NAUT 20. APRÍL – 20. MAÍ**
Þú ert alltaf pínulítið tortryggið þegar nýtt ár er í spilunum því þú kannt best við allt gamalt og gott. Breytingarnar koma samt hvort sem þér líkar betur eða verr svo þér er best að láta af þrjóskunni og fagna nýju ári.

**TVÍBURI 21. MAÍ – 20. JÚNÍ**
Þið skemmtið ykkur alltaf vel um áramótin enda eru hávaði og læti ykkar ær og kýr. Best er að fara á brennu til að fá ferskasta slúðrið fyrir nýja árið.

**KRABBI 21. JÚNÍ – 22. JÚLÍ**
Um áramótin vilt þú oftast skríða inn í skelina þína og íhuga árið sem er að líða og það sem er í vændum. Þú átt fullan rétt á því og ekki láta neinn trufla þig.

**LJÓN 23. JÚLÍ – 22. ÁGÚST**
Búmm, krasj!!! Flugeldar og glamúr, grímur og villt partí fram á morgun. Vakna svo rétt tímanlega til að fara í viðhafnarkvöldverð til að fagna nýju ári. Þessi helgi er sérhönnuð að þínum smekk, svo einfalt er það.

**MEYJA 23. ÁGÚST – 21. SEPTEMBER**
Þú ert búin að merkja allar möppurnar og fara yfir bókhaldið svo nýja árið getur komið þín vegna. Reyndu nú aðeins að slaka á skipulaginu og gerðu eitthvað óvenjulegt um þessi áramót, þú átt það skilið.

**VOG 22. SEPTEMBER – 22. OKTÓBER**
Áramótaheitin eru alveg að sliga þig enda ekki við hæfi að strengja færri en fjórtán. Eða hvað? Rangt, aðalmálið er að strengja eitt og standa svo við það, að minnsta kosti fram í mars.

**SPORÐDREKI 23. OKTÓBER – 21. NÓVEMBER**
Eru álfar kannski menn? Og ætlar þú að reyna að komast að því um helgina? Þú um það en mundu bara að þú þarft að halda út heila nótt freistinga til að eignast allt álfagullið.

**BOGMAÐUR 22. NÓVEMBER – 21. DESEMBER**
Flugeldarnir heilla þig alltaf jafnmikið og þú þarft að passa þig að hafa hemil á kaupgleðinni þegar þeir eru annars vegar. Þú ættir að kaupa fáa og skjóta þeim svo varlega upp. Ekki láta barnið í sjálfum þér hlaupa með þig í gönur.

**STEINGEIT 22. DESEMBER – 19. JANÚAR**
Þú ert alltaf frekar þunglynd á þessum árstíma og það þó afmælið þitt sé svona skammt undan. Hertu upp hugann og ekki gleyma því að sólin er farin að skríða aftur upp á himininn, jafnvel þó það sé aðeins hænufet á degi hverjum.

**VATNSBERI 20. JANÚAR – 18. FEBRÚAR**
Fjórðu áramótin í röð ætlar þú að fela þig í fjósinu í Húsdýragarðinum og taka upp samræður kúnna sem þá fá mannamál. Ertu viss um að það sem þær segja sé nógu merkilegt til að þú missir af öllu fjörinu um allan bæ? Og þú missir líka alltaf af hamskiptum selanna.

**FISKAR 19. FEBRÚAR – 20. MARS**
Syndið ykkar leið, glaðværu fiskar, stráðir glimmeri og gneistum úr flugeldum inn í nýtt ár sem verður ykkur einstaklega happadrjúgt og skemmtilegt á alla lund.

*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna á vorönnina*



# Tölvunám vorið 2006
# Menntun sem gefur forskot

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 32.500 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Tölvuvísir www.tv.is · Pearson VUE Authorised Centre · Microsoft Certified Partner

## Veldu námskeið sem hentar þér og skráðu þig strax í nám hjá Tölvuskóla TV:

## MCSA og MCP nám

### Netumsjón MCP

Þetta er besta námið fyrir þig ef þú vilt sjá um netrekstur í fyrirtækjum og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Lærðu grunnfræði netkerfa, Windows XP Professional (70-270) og Windows 2003 Server (70-290).

Tvö MCP próf innifalin.

**Lengd**: 121 stund/81 klst. *16:15-19:15*
**Verð**: 159.900 • Allt að 5 ára lán

### MCSA netstjórnun

Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun og Exchange.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Exchange Server 2003 (70-284).

Öll (4) nauðsynleg próf innifalin.

**Lengd**: 225 stundir/150 klst. 16:15-19:15
**Verð**: 299.900 • Allt að 5 ára lán

***Hægt er að sækja stök MCP námskeið:***
*Windows XP Professional (MCP 70-270)*
*Windows 2003 Server (MCP 70-290)*
*Exchange Server 2003 (MCP 70-284)*
*Stjórnun Windows neta (MCP 70-291).*

## .NET Forritun

### Visual C# .NET (+ASP) forritun

Lærðu forritun með forritunarmáli sem hefur slegið í gegn með því að sækja þetta hnitmiðaða og yfirgripsmikla nám. Krafist er góðrar tölvuþekkingar.

**Lengd**: 121 stund/81 klst. 18:00-21:00
**Verð**: 159.900 • Allt að 5 ára lán

### ASP .NET vefforritun

Taktu þátt í byltingu í vefsíðugerð og lærðu ASP .NET vefforritun. Allt sem þú þarft er grunnur í forritun og góð tölvukunnátta.

**Lengd**: 45 stundir/30 klst. 18:00-21:00
**Verð**: 79.900 • Allt að 3 ára lán

## Skrifstofunám

### Hagnýtt bókhald

Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, grunnur launaútreikninga, afstemmingar, undirbúningur uppgjörs og fleira

*Fullkomið bókhaldskerfi innifalið í verði! **

**Lengd**: 94 stundir/63 klukkust.
**Verð**: 99.900 • Allt að 5 ára lán

### Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

**Lengd**: 200 stundir/133 klst.
**Verð**: 139.900 • Allt að 5 ára lán
*(TÖK próf innifalin í námsgjaldi)*

### Skrifstofu- og bókhaldsnám

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

*Fullkomið bókhaldskerfi innifalið í verði! **

**Lengd**: 300 stundir/200 klst.
**Verð**: 199.900 • Allt að 5 ára lán
*(TÖK próf innifalin í námsgjaldi)*

***Allt skrifstofunám er í boði á morgnana (9:00-12:00) eða á kvöldin (19:30-22:30)***

** Leyfið er takmarkað við eitt ár og einn notanda.*

## Verkefnastjórnun

### Hagnýt verkefnastjórnun

Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grundvallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina og notkun Microsoft Project við gerð verkáætlana og stjórnun verkefna.

**Lengd**: 58 stundir/39 klst.
**Verð**: 89.900 • Allt að 3 ára lán

## Góð byrjun

### Almennt tölvunám

Ef þú hefur litla reynslu af tölvunotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.

*Helstu kennslugreinar*
- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. á ýmsum tímum
**Verð**: 69.990 • Allt að 3 ára lán

### Tölvuþekking fyrir konur

Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölva við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

**Lengd**: 60 stnd./40 klst. morgun eða kvöld
**Verð**: 45.900 • Allt að 3 ára lán

### Tölvunám fyrir 50+

Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvunotanda.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

**Lengd**: 72 stnd./48 klst. dag eða kvöld
**Verð**: 59.900 • Allt að 3 ára lán

## Vefhönnun

### Myndvinnsla og vefhönnun

Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Kennt er að nota DreamWeaver, Photoshop Flash og HTML forritun. Að námi loknu hafa þátttakendur gott vald á öllu sem tengist vefsíðugerð og myndvinnslu.

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
**Verð**: 99.900 • Allt að 5 ára lán

### Vefsíðugerð með/án Photoshop

Allt það sem þú þarft að kunna til þess að búa til og viðhalda heimasíðu samkvæmt nútímakröfum um útlit og innihald.

**Lengd**: 67 stundir/45 klst. með Photoshop
**Verð**: 68.900 • Allt að 3 ára lán
**Lengd**: 45 stundir/30 klst. án Photoshop
**Verð**: 44.500 • Allt að 3 ára lán

## Mest úrval styttri námskeiða:

**Grunnnámskeið**
Windows, Word og Excel
Tölvupóstur og Internetið
Windows XP fyrir byrjendur
Fingrasetning - tölvuvélritun

**Access**
Access I: Almenn gagnagrunnsgerð
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð
Access III: Fjölvar og forritun með VBA

**Word**
Word I: Almenn ritvinnsla
Word II: Kraftmikil ritvinnsla
Töflur og eyðublöð í Word
Vinnsla langra skjala í Word
Dreifibréf og markpóstur í Word

**Excel**
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun
Excel II: Sérhæfð töflureiknisnotkun
Excel II: Fjármál, bókhald og endursk.
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA

**PowerPoint**
PowerPoint I: Glærur og kynningar
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð

**Outlook og OneNote**
Outlook: tímareiða, verkefni og póstur
OneNote: Hugmyndavinna og glósur

**Publisher**
Publisher: Bæklingar og kynningar

**Vefsíðugerð**
Vefsíðugerð I: FrontPage 2003
Vefsíðugerð II: FrontPage 2003
DreamWeaver MX vefsíðugerð
Flash: Gerð hreyfimynda og myndskeiða

**Myndvinnsla og grafík**
Stafræn ljósmyndun
Photoshop CS2: Ljósmyndir og grafík
Photoshop Elements
Freehand: Grafík, umbrot og auglýsingar
Visio: Grafík og teikning

**FileMaker**
FileMaker notendanámskeið
FileMaker 7.0/8.0: Forritun og notkun

**Windows XP**
Gerðu Windows XP öruggara
Þráðlaus net og Windows XP

**Verkefna- og tímastjórnun**
Verkefnastjórnun með PRINCE2
Microsoft Project verkefnastjórnun
Project Server verkefnamiðlarinn
Tímastjórnun og Outlook

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar**

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar**
**– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!**

**TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN**

www.tv.is

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

# Stjörnuspá á

**HRÚTUR 20. MARS – 19. APRÍL**
Árið verður frekar jafnt framan af og þér finnst þú ráða við allt sem að höndum ber. Það er líka alveg rétt hjá þér og gott fyrir þig að fá svolítið grunnsjálfstraust í sarpinn. Þú verður rólegri og ábyrgari í ár en mörg fyrri og fólki finnst þú traustvekjandi. Þetta á eftir að koma sér vel í ýmsum fjármálaumsvifum. Í ár áttu eftir að hreinsa vel til í fjármálunum og koma þér á þann kjöl að þér verða allir vegir færir. Í einkalífinu gengur allt í haginn svo framarlega sem þú ert einlægur og sannur í samskiptum. Nóvember er besti mánuðurinn til að byrja á einhverju nýju í þeim efnum. Þú ættir líka að fara í langþráð heilsuátak og losa þig við óþarfa óhollustu úr lífinu, núna verður það léttara fyrir þig en oft áður. Það er líka spurning hvort þú ættir að huga að því að skipta um vinnu og draga þig úr einstaklingsátakinu og yfir í meira hópefli.

**NAUT 20. APRÍL – 20. MAÍ**
Heimilið, öryggið og staðfestan verða í miðpunkti hjá þér á þessu ári. Þú þarft að gera hreint fyrir þínum dyrum, líklegast í bókstaflegri merkingu því þetta ár er heppilegt til alls konar endurbóta og löngu tímabærra lagfæringa á heimilinu. Þér gæti fundist erfitt að umgangast fólk utan innsta kjarna fyrri hluta ársins en reyndu samt að drífa þig út öðru hverju, það gerir þér gott og víkkar sjóndeildarhringinn. Náin sambönd eru hins vegar sérstaklega sterk og þú átt eftir að njóta þín vel í faðmi fjölskyldunnar og nánustu vina. Þú ert einstaklega aðlaðandi í september og október, bæði fyrir fólk og tækifæri, og þá verðurðu líka tilbúið að njóta þess. Þú hefur verið áttavillt um nokkurt skeið, kæra naut, en nú ertu líkast til búið að finna út hvert þú vilt fara og það er ekkert sem stöðvar naut sem veit hvað það vill.

**TVÍBURAR 21. MAÍ – 20. JÚNÍ**
Þið verðið á fullu allt árið að halda jafnvæginu milli vinnunnar og einkalífsins. Ykkur nægir heldur aldrei að vera bara með eitt verkefni í gangi í einu. Fyrstu þrjá mánuði ársins verðið þið svo líka í uppreisnar- og breytingahug og það eykur enn á óreiðuna. Líf ykkar gæti tekið afdrifaríkum breytingum árið 2006 og sumir ykkar taka því fagnandi. Fram í nóvember væri sniðugt fyrir ykkur að skipta um vinnu eða umhverfi en eftir það ættuð þið ekki að taka neina áhættu. Einhleypir tvíburar gætu fundið ástina í lífi sínu um miðjan desember þó líklegast sé að þetta sé einhver sem þið hittið fyrstu vikuna í júlí, þegar þið fáið aukageisla frá ástarstjörnunni Venus alveg út af fyrir ykkur.

**KRABBI 21. JÚNÍ – 22. JÚLÍ**
Þú verður uppáhald allra árið 2006 og meirihluti þess á eftir að snúast um ástir og skemmtanir. Þér finnst þú sennilega alveg eiga það skilið og átt það sjálfsagt líka. Þú býrð að ákveðnu sjálfsöryggi sem gerir það að verkum að þú tekur því óvænta opnum örmum og í þínu tilfelli færðu mörg óvænt tækifæri upp í hendurnar. Apríl og maí verða mjög annasamir hjá þér og þú skalt passa að leggja ekki í stórar fjárfestingar á þeim tíma. Þú nærð betri stjórn á fjármálunum en ættir samt ekki að sleppa þér í stórfellda eyðslu fyrr en 2007, betra að safna í sarpinn. Annars eru skilaboðin bara þau að lifa og njóta – þú átt það skilið og heimurinn á það skilið af þér.

**LJÓN 23. JÚLÍ – 22. ÁGÚST**
Ákveðin togstreita á sér stað innra með þér í upphafi árs milli ábyrgðartilfinningar og óstjórnlegrar þarfar til að eyða peningum. Þú þarft að halda þig á mottunni fram í júlí en þá hefurðu efni á því að slaka á taumunum. Fram að því krefst alheimurinn þess að þú þroskist. Þú verður dálítið hörundsárt á þessum tíma og þarft mikið á viðurkenningu annarra að halda. Ekki samt selja sál þína fyrir hana. Nánasta fólkið þitt gæti líka tekið upp á því að vera duttlungafullt og erfitt og gagnrýni þeirra er auðvitað ennþá erfiðara að höndla. Einhver fjölskyldumeðlimur á þó eftir að standa við bakið á þér eins og klettur og þetta mál leysist eins og af sjálfu sér. Vertu samt viðbúið því að þurfa að endurskoða þín nánustu sambönd og jafnvel slíta sambandi við einhvern nákominn um stundarsakir. Það er þroskandi og happadrjúg reynsla fyrir báða aðila. Frá og með nóvemberlokum verður svo allt skemmtilegra hjá þér og jólamánuðurinn fullur af skemmtilegum stundum.

**MEYJA 23. ÁGÚST - 21. SEPTEMBER**
Þú verður á fullu gasi árið 2006 og átt eftir að vera svo upptekin að þú nærð hvorki að passa þig né vera prúð, eins og þú átt nú stundum vanda til að gera of mikið af. Ef þú ert ekki þegar komin í hnapphelduna verður hreinlega vonlaust fyrir þig að forðast hana. Þú ert óþægilega aðlaðandi fyrir hitt kynið árið 2006 og himintunglin öll beina þér í átt til samruna við einhvern sérstakan aðila. Þú skalt samt fara hægt í sakirnar og ekki byrja á neinu fyrir alvöru fyrr en eftir 14. febrúar. Þú ættir líka að forðast fjárhagslegar skuldbindingar fram að þeim tíma og raunar gæta vel að fjármálunum allt árið. Þú átt eftir að blómstra í öllum samskiptum á árinu og bæta ýmsum hæfileikum við þig á því sviði. Hin nýja þú gæti komið ýmsum á óvart.

# ársins 2006

## VOG 22. SEPTEMBER – 22. OKTÓBER

Árið 2006 verður þér mestan part skapandi og skemmtilegt og án teljandi stóráfalla. Þú þarft hins vegar að veita smáatriðum eins og fjármálunum nokkra athygli og alúð, einkum í febrúar og mars þegar bankareikningurinn þinn virðist skyndilega fara að leka. Þú gætir reynt eitthvað nýtt í sjálfs- og heilsurækt á árinu sem á eftir að skila þér ánægjulegum niðurstöðum. Þú uppgötvar líka nýjar hliðar á vinnunni þinni sem gera þér kleift að njóta hennar betur. Þú gætir kúvent í samskiptum þínum við maka eða viðskiptafélaga, jafnvel skipt þeim út, en það á allt eftir að verða til hins betra fyrir þig. Ekki taka neinar afdrifaríkar ákvarðanir í því samhengi í árslok. Þú átt eftir að laða að þér fólk og fé í mars og apríl og líka fyrstu tvær vikurnar í október. Þetta er besti tíminn til að ferðast. Þú setur þér raunhæf makrmið á þessu ári og átt eftir að ná þeim flestum og vel það.

## STEINGEIT 22. DESEMBER – 19. JANÚAR

Það verður ekki mikið um stórátök hjá þér árið 2006 enda kannski bara eins gott. Steingeitur vilja hafa allt í röð og reglu og þú verður óróleg þegar þú færð óvæntar sendingar frá lífinu. Þú mátt samt ekki missa sjónar á því sem máli skiptir og rækta fjölskylduna og starfsframann af alúð. Þú ættir líka að koma þér upp áhugamáli til að losna undan streitu og áreiti. Það er kjörið núna að gera langtímaáætlanir um framtíðina þó þú eigir ekkert endilega eftir að hrinda þeim í framkvæmd strax. Ástarsambönd gætu líka orðið erfið á árinu og ekki víst að allar steingeitur í sambandi verði þar næst þegar flugeldarnir fara á loft. Gættu tungu þinnar einkar vel í marsmánuði og hlustaðu vel á ráðleggingar frá systkini eða góðum vini. Í desember fer síðan allt að gerast og þú tengist þínum innri manni betur en nokkru sinni fyrr. Vertu góð við hann.

## SPORÐDREKI 23. OKTÓBER – 21. NÓVEMBER

Þú hefur þurft að horfast í augu við ýmsa erfiðleika á þessu ári og hjá sumum sporðdrekum hefur lífið jafnvel tekið varanlegum breytingum. Næsta ár verður betra hægt og hægt en ekki búast við að vera laus undan áhrifum Satúrnusar fyrr en um miðjan júní. Þú þarft á viðurkenningu samfélagsins að halda en þar sem þú ert svo viðkvæmur núna er ekki víst að þú fáir nóg af slíku og þá líður þér enn verr. Þetta er ekki tíminn til að reyna að neyða hlutina til að gerast heldur skaltu bara slaka á, rækta garðinn þinn og hlú að því sem skiptir máli. Í október verðurðu svo búinn að ná fullri orku og þá fara verkefnin að streyma upp í hendurnar á þér. Þú verður ómótstæðilegur hinu kyninu frá og með aprílmánuði og þarft að hafa þig allan við að velja og hafna.

## VATNSBERI 20. JANÚAR – 18. FEBRÚAR

Árið gæti byrjað erfiðlega fyrir þig en svo verður það bæði spennandi og ábatasamt. Fyrri helming ársins þarftu að sinna ýmsum vandamálum og nauðsynlegt að vera vakandi og viðbúinn öllu. Þú leggur mikið upp úr sjálfstæði þínu og einstaklingseðli en nú þarftu að einbeita þér að því að hafa yfirsýn, vinna með öðrum og jafnvel hlíta þeirra ráðum gegn betri vitund. Þetta er dulbúin blessun vegna þess að þú lærir á takmarkanir þínar, markmið þín verða skýrari og þú færð tilfinningu fyrir því hvar þú stendur. Þetta á ekki síst við um persónuleg sambönd, sem verða með stirðara móti, en þegar þú hefur lært af reynslunni verðurðu miklu sterkari fyrir vikið. Frá júnílokum og allan júlí verður aðdráttarafl þitt mikið og þú átt eftir að fá flest sem þú vilt. Vinir þínir munu reynast þér vel á árinu og þú lýkur því með glæsibrag og spennandi verkefni í desember.

## BOGMAÐUR 22. NÓVEMBER – 21. DESEMBER

Árið verður þér rólegt og stöðugt og þó þú haldir að það sé ekki fyrir þig áttu eftir að komast að því að þér líkar það ágætlega. Þú átt eftir að koma ýmsu í verk, bæði í starfi og einkalífinu sem þú hefur látið sitja allt of lengi á hakanum, og átt eftir að upplifa innri frið, sem er satt að segja frekar framandi tilfinning fyrir þig. Þú átt eftir að kveða niður ýmsa gamla drauga og ef þú þarft hjálp á þessu tímabili máttu vera viss um að allt reddast á síðustu stundu. Fyrstu fjóra mánuði ársins áttu eftir að koma þér upp samböndum sem eiga eftir að nýtast vel í framtíðinni, hvort sem er í starfi eða einkalífi. Þú verður skapandi og aðlaðandi en jafnframt rólegur og yfirvegaður árið 2006 og það er vart hægt að hafa það betra.

## FISKAR 19. FEBRÚAR – 20. MARS

Þið hafið gengið í gegnum gríðarlegar breytingar undanfarið og komið glænýir og ferskir út úr þeim hamskiptum. Þið eigið eftir að einbeita ykkur að nánum samböndum árið 2006 og þá sérstaklega einum einstaklingi. Andlegu málin halda áfram að vera í brennidepli og ykkur líður stundum eins og verndarengill vaki yfir ykkur. Þið gætuð lent í enn meiri yfirvinnu en undanfarin ár en það er undir ykkur komið að skipuleggja lífið þannig að þið farið ekki yfir um. Gætið tungu ykkar einstaklega vel í marsmánuði því þá gæti fólk misskilið allt sem frá ykkur kemur. Þið eruð afar heillandi í apríl svo einhleypir fiskar ættu að grípa tækifærið. Þið verðið svo á allra vörum frá og með októbermánuði og ljúkið árinu í glitrandi neistaregni farsællar framtíðar.

# Timburmennina burt fyrir næsta boð

**Allir eiga sér einhverjar töfralausnir við þynnku. Sumir hafa þróað með sér aðferðir gegnum árin sem henta þeim best til að losna undan þessu ástandi en fyrir þá sem enn eru að þróa sér sjálflækningalausnir koma hér góð ráð gegn timburmönnum.**



**Vatn**
Áfengi er vatnslosandi og veldur því að fólk hefur tíðari þvaglát. Höfuðverkurinn og þurr munnur eru afleiðingar af vökvaþornun og þess vegna getur vatnsdrykkja hraðað brottför timburmannanna. Besta ráðið er að drekka hálfan lítra af vatni áður fyrir svefn. Sértu með timbumenn þegar þú vaknar skaltu súpa um tvo lítra af vatni yfir allan daginn. Ekki þamba vatnið, það gæti komið sömu leið til baka.





**B- og C-vítamín**
Meðan líkaminn vinnur úr innbyrtu áfengi eyðir hann upp forðanum af B-vítamínum í líkamanum. Sumir velja að taka B- og C-vítamín fyrir og eftir áfengisþamb meðan aðrir borða gerríka fæðu til að vega upp á móti tapinu. C-vítamín hjálpa lifrinni að brjóta niður áfengið. Einnig hjálpar mikið að drekka ferskan appelsínusafa. Safinn inniheldur meðal annars C-vítamín, vökva, kalíum, (finnst líka í banönum), salt sem hjálpar líkamanum að binda vatn og náttúrulegan sykur sem réttir af blóðsykurinn.

**Koffín**
Til að losna undan þreytunni og sleninu sem timbumennirnir bera með sér getur koffínið verið góður kostur. Sterkt svart kaffi getur losað þig undan höfuðverknum og gert þér kleift að standa upp úr sófanum. Munið að kaffi er þvagræsandi og því nauðsynlegt að drekka mikið vatn samhliða kaffinu. Ekki er mælt með notkun koffíntaflna. Þeir sem vilja ekki taka inn koffín geta fengið sér guarana-te sem hefur einnig örvandi áhrif.





**Afréttarinn**
Margir trúa því að einn góður afréttari kippi málunum í lag. Hins vegar hefur afréttarinn einungis tímabundin áhrif og þú ert aðeins að fresta eymdinni. Afréttarinn hefur þau áhrif að lifrin hættir tímabundið að vinna úr því áfengi sem fyrir var í líkamanum. Á endanum tekur lifrin aftur til starfa og þá skellur þynnkan á enn kraftmeiri. Munið bara að tíminn læknar öll sár, þynnkuna þar með talda.



# *Streita og kvillar eru bestu vinir*

**Lengi hefur sú kenning verið á lofti að streita kalli fram veikindi. Nú er þessi kenning orðin að staðreynd og því sannað að nauðsynlegt er að huga vel að andlegu heilsunni.**

Nú hefur það verið sannað að streita gerir fólk veikt. Ástæða þess er að hormónið neuropeptide Y, sem framkallast við streituaðstæður, getur komið í veg fyrir að ónæmiskerfið starfi rétt. Að mati rannsakenda getur þessi uppgötvun hjálpað til við að koma í veg fyrir streitutengda sjúkdóma og kvilla. Jafnvel er talinn möguleiki á þróun lyfja sem örva ónæmiskerfi þeirra sem mælast með mikla streitu. Hins vegar er best að losa sig við streituna með náttúrulegri hætti, stunda jóga og slaka á.

## Ástin er eins og sinueldur

**Kannski er réttara að segja að ástin sé eins og vímuefni, enda sýna rannsóknir að ástin líkist fíkn.**



Ný amerísk rannsókn sýnir að sömu heilasvæði og stjórna fíkn hafa áhrif á ást. Hormónið dópamín, sem hefur áhrif á verðlaunakerfi líkamans, streymir um líkamann þegar við erum ástfangin.
Við rannsóknina voru notaðar rottur og var það dópamínið sem hjálpaði rottunum að vera einkvænar en rottur eru þekktar fyrir að mynda langtímasambönd. Rannsakendur fundu að eftir samlíf rottanna losnaði dópamín inn á svæði í heila þeirra sem einnig er til staðar hjá mönnum. Dópamínið hefur nefnilega þau áhrif að fólk og dýr sækjast aftur í þær aðstæður sem kalla fram dópamínið, til dæmis kynlíf. Dópamínið er einnig ástæða þess að fíklar verða háðir heróíni og kókaíni. Ástinni er þó ekki stjórnað af einu efni enda kemur margt fleira til. Hins vegar er það ljóst er að betra er að vera háður ástinni en heróíni.


Betra Form
ÁRANGUR
8 vikna námskeið fyrir konur
Betra form er fyrir konur sem vilja léttast, auka líkamlegt þrek og andlega vellíðan
Þúsundir kvenna hafa náð frábærum árangri á Betra form-námskeiðunum.
Vertu með!
Skráðu þig strax í síma 414 4000 eða með tölvupósti á hreyfing@hreyfing.is
Morgunhópar
Daghópur
Kvöldhópar
Framhaldshópar
Barnagæsla
Innifalið:
• Þjálfun 3-5x í viku
• Fræðslu- og kynningarfundur með Ólafi G. Sæmundssyni næringarfræðingi
• Fitumælingar og vigtun
• Matardagbók
• Vandað fræðsluefni
• Lögmálin 9 um megrun - nýútkomin bók sem veitir allar upplýsingar um hvernig þú kemst varanlega í gott form.
Gott aðhald, mikill stuðningur og fræðsla
Hefst 9. jan.
HREYFING
Faxafeni 14 414 4000 www.hreyfing.is
FABRIKAN 2005 Ljósmynd: K.Maack

Freixenet

# Mest selda **freyðivín** heims




Það er líklegt að fólk þekki vörumerkið Cordon Negro fremur en Freixenet, en Cordon Negro er mest selda þurra freyðivín á Íslandi og mest selda freyðivín heims.

Freixenet hefur fengist hér á landi um árabil og auk hins þekkta freyðivíns í svörtu flöskunni, Cordon Negro Seco, hafa verið á boðstólum Carta Nevada Semi-seco (hálfþurrt), Freixenet Rosado Brut sem er rósavínsfreyðivín og Freixenet Brut Nature sem er árgangsfreyðivín. Nýlega er svo komið á markaðinn hér á landi Cordon Negro Brut, aðeins þurrara og skarpara en Seco-vínið. Það er í nákvæmlega eins flöskum en sjá má á miðunum hvort um Seco eða Brut er að ræða.

Freixenet

## Cordon Negro

Framleitt úr þrúgunum macabeo, xarel lo og parellada. Það er frísklegt, ávaxtaríkt og létt. Hægt er að neyta þess með öllum mat og er einstakt eitt og sér hvenær sem er. Verð í Vínbúðum er 990 kr. í 750 ml flöskum en einnig er hægt að fá kippu með þremur 200 ml flöskum, einnig á 990 kr.



### Skötuselur með freyðivíni og villisveppum

8 bitar af skötusel
1 laukur
300 cl Cordon Negro
200 cl rjómi
80 g villisveppir
Fiskisoð

Sjóðið skötuselinn í soðinu með þunnskornum lauknum, freyðivíninu og villisveppunum. Látið suðuna koma upp en takið þá skötuselinn úr soðinu. Leyfið því að malla í smá stund, sjóðið það aðeins niður. Kryddið til og bætið við rjómanum og sjóðið aðeins niður í viðbót. Berið fram með kartöflum og grænmeti. Blanda má rækjum og skelfiski út í réttinn til skrauts og fyllingar!




Freixenet

## Rosado Brut

Blanda af þrúgunum Garnacha og Monastrell. Áferðin er ljósrauð og bragðið hreint og frísklegt.
Verð í vínbúðum 890 kr.

### Jarðarberjarós



6 fersk jarðarber
3 cl jarðarberjalíkjör (eða annar sætur líkjör)
skvetta af appelsínusafa
ísmolar
ískalt Rosado Brut

Blandið jarðarberjunum, líkjörnum, djúsnum og ísmolunum saman í matvinnsluvél eða notið kokkteilhristara. Síið í há kokkteilglös eða þess vegna lítil bjórglös. Fyllið upp með freyðivíni, nota má hvort sem er Rosado Brut eða Carta Nevada. Hrærið í varlega til að ná fram sem fallegustum lit. Skreytið með myntu eða límónu.

Freixenet

## Brut Nature Vintage

Eitt af bestu árgangs cava-freyðivínum sem völ er á. Þetta er eitt allra vinsælasta freyðivínið hjá spænskum neytendum enda eru gæðin mikil. Bragðið er mikið og samræmt með votti af þurrkuðum ávöxtum, smjöri og greipaldin. Hentar vel sem fordrykkur eða einn og sér við hvers kyns hátíðleg tækifæri. Einnig tilvalið með spönskum tapas-smáréttum, ljósu kjöti eða fiskréttum.
Verð í Vínbúðum 1.090 kr.







Freixenet

## Carta Nevada Semi Seco

Fyrst framleitt árið 1941 og varð strax vinsælt. Á sjöunda áratugnum náði Carta Nevada mikilli útbreiðslu í anda þess áratugar. Þetta vín er framleitt samkvæmt hinni hefðbundnu cava freyðivínsgerð og hefur fallega ljósgyllta áferð.
Verð í Vínbúðum 970 kr.

### RISOTTO AL CAVA – Freyðivíns-risotto

1/2 flaska Freixenet Carta Nevada
1/2 lítri kjötsoð
400 g hrísgrjón
100 g smjör
50 g laukur, skorinn smátt
100 g parmesan-ostur

Léttsteikið laukinn upp úr smjörinu. Bætið hrísgrjónunum út í og snúið vel þar til laukurin og hrísgrjónin hafa blandast vel. Hellið freyðivíninu yfir og snúið þar til hrísgrjónin hafa tekið vínið í sig. Þá er komið að því að setja kjötsoðið út í smátt og smátt þar til  hrísgrjónin eru soðin en allur vökvi gufaður upp. Bætið við hrísgrjónunum tveimur mínútum áður en matseldinni er lokið. Bon appétit!

## Hversu þurr/sæt eru freyðivín?

| | |
|---|---|
| Brut | Mjög þurr |
| Sec (Seco) | Meðalþurr |
| Demi-Sec (Semi-seco) | Sætt |

Þetta eru helstu flokkanirnar en einnig er talað um Extra Brut sem er mjög þurrt, Extra-Sec sem er meðalþurrt og Doux sem er mjög sætt. Þessar merkingar eru mun sjaldgæfari og ágætt að leggja einföldu þrískiptinguna á minnið til að byrja með.

# Sudoku vikunnar

#4

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölur. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.

## Lausnir Sudokuþrauta síðustu viku (#3)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 9 | 4 | 8 | 5 | 6 | 1 | 7 |
| 5 | 6 | 7 | 3 | 2 | 1 | 9 | 8 | 4 |
| 4 | 8 | 1 | 9 | 6 | 7 | 5 | 3 | 2 |
| 7 | 9 | 2 | 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 8 |
| 8 | 4 | 3 | 7 | 5 | 2 | 1 | 9 | 6 |
| 6 | 1 | 5 | 8 | 9 | 4 | 7 | 2 | 3 |
| 1 | 7 | 8 | 5 | 4 | 3 | 2 | 6 | 9 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 9 | 8 | 7 | 5 |
| 9 | 5 | 6 | 2 | 7 | 8 | 3 | 4 | 1 |

Amlóði

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 5 | 2 | 8 |
| 6 | 7 | 5 | 9 | 8 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 2 | 8 | 1 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 | 6 |
| 3 | 4 | 6 | 5 | 9 | 1 | 2 | 8 | 7 |
| 5 | 1 | 7 | 8 | 2 | 4 | 6 | 9 | 3 |
| 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 7 | 4 | 5 | 1 |
| 1 | 3 | 8 | 2 | 4 | 9 | 7 | 6 | 5 |
| 7 | 5 | 2 | 3 | 6 | 8 | 1 | 4 | 9 |
| 9 | 6 | 4 | 1 | 7 | 5 | 8 | 3 | 2 |

Hálfdrættingur

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 3 | 9 | 1 |
| 9 | 1 | 2 | 6 | 4 | 3 | 8 | 5 | 7 |
| 3 | 8 | 5 | 1 | 9 | 7 | 2 | 6 | 4 |
| 2 | 5 | 7 | 3 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 |
| 4 | 3 | 9 | 7 | 8 | 5 | 6 | 1 | 2 |
| 1 | 6 | 8 | 4 | 2 | 9 | 7 | 3 | 5 |
| 6 | 9 | 1 | 8 | 7 | 4 | 5 | 2 | 3 |
| 5 | 7 | 4 | 9 | 3 | 2 | 1 | 8 | 6 |
| 8 | 2 | 3 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 9 |

Fullsterkur

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 3 | | 2 | 4 |
| | 9 | 1 | 5 | | | | | |
| 7 | | | | 6 | 8 | | | 5 |
| | | | | | | | 1 | 7 |
| | 6 | | 4 | 7 | 2 | | 5 | |
| 9 | 3 | | | | | | | |
| 5 | | | 6 | 9 | | | | 2 |
| | | | | | 5 | 7 | 9 | |
| 2 | 4 | | 8 | | | | | |

Amlóði

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | 9 | | |
| | | | | 5 | 1 | 2 | | 3 |
| 7 | 5 | | 9 | | | | | |
| | 4 | | | 9 | | 5 | | |
| | 1 | | 4 | | 7 | | 3 | |
| | | 3 | | 1 | | | 8 | |
| | | | | | 9 | | 2 | 5 |
| 4 | | 7 | 2 | 3 | | | | |
| | | 5 | | | | | 4 | |

Hálfdrættingur

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | | | 4 | | 5 | | |
| | | 3 | 7 | 5 | | | | |
| 8 | | | | | | | 2 | |
| 1 | | | 4 | | | | 6 | |
| 9 | | | | | | | | 3 |
| | 2 | | | | 5 | | | 7 |
| | 1 | | | | | | | 9 |
| | | | | 1 | 4 | 6 | | |
| | | 6 | | 8 | | | 1 | 5 |

Fullsterkur

Lausnir þrautanna birtast eftir viku.

# 2006 FRAMKVÆMDABÓKIN
## ... og þú kemur hlutum í verk

Framkvæmdabókin 2006 er ekki eingöngu dagbók, heldur einnig tæki til að skipuleggja okkur, setja okkur markmið og ná okkar besta!




- Hvaða gildi vil ég hafa að leiðarljósi?
- Hvaða markmið vil ég setja mér?
- Framkvæmdaferill sem eykur skilvirkni!
- 52 vikur - heildarsýn yfir öll þín mál á einni opnu!
- 24 blaðsíður fyrir minnispunkta!

## HEILDARSÝN YFIR ÖLL ÞÍN MÁL Á EINNI OPNU!




1. Dagbókarhluti – Yfirlit yfir hvern dag vikunnar allt árið.
2. Mál sem ég ætla að afgreiða í vikunni.
3. Markmið og verkefni sem ég ætla að vinna að í vikunni.
4. Framseld verkefni í vikunni.

2006 FRAMKVÆMDABÓKIN
... og þú kemur hlutum í verk




15

MP & BRAGI
TÓNSTIGI
SÝNI
GUÐ
KRAFTUR
HEMPU



NJÓLI
EFTIR J
KLÆÐI

SLÆM SKRIFT
2
EINS
FLANAR
EFTIR É
NÚMER

BAUN
BARDAGI
ÆXLUNARKORN
SLÁ
3
NEMA

LÖGMÁL
MASA
HÚRRA
MÖNDLUDEIG
BEITA
GOLFTREYJA

HÆNSNFUGL
4
ÞJÁNING
EINN
Í HÁLSI

HÁR
MINNKUN
SEM
PRÓFGRÁÐA
1
AFSÖGN
BEITA
FLAGG
SAFNA SAMAN
ÞRIÐJI

SAMTÖK
HIN OG ÞESSI
SKEL
LEITA AÐ
LAND
ÁVÖXTUR

ÍSL. STAFUR
HALDA BROTT
SJÁVARDÝR
SPYRJA
POTA
FROSTSKEMMDIR

STARF
5
GAT
SKÓLI
FÆÐA
TÓNLISTARMAÐUR
VERKFÆRI
SIÐA

KÆLA
UMFANG
ÖSKRA
FIRSTUR
6
RYKKORN

GALLAR




**Leystu krossgátuna!**
**Þú gætir unnið geislaplöturnar**
**Hluti af mér með Heiðu**
**og Jónsi með Jónsa!**

sena

Þú sendir SMS skeytið JA SVAR LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900!

**Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA SVAR JON.**

**Dregið úr réttum svörum n.k. þriðjudag kl. 12.**

# Viðloðandi Skaupið síðustu 15 ár

## » Edda Björgvins leikstýrir Skaupinu í fyrsta sinn



Hin gamankunna gamanleikkona Edda Björgvinsdóttir leikstýrir Áramótaskaupi Sjónvarpsins þetta árið en umsjónarmenn þess eru Helga Braga Jónsdóttir og Kristín Pálsdóttir. Í Skaupinu eru eins og venjulega skoðaðir í spéspegli atburðir og persónur ársins sem er að líða. Edda leikstýrir nú Skaupinu í fyrsta sinn en hún hefur að eigin sögn verið viðloðandi Skaupið í fimmtán ár og því sé hún ákaflega fegin að fá loksins að ráða öllu. Þetta sé því einstaklega skemmtileg lífsreynsla í hennar huga.

**EINS OG Í LYGASÖGU**

Aðspurð segir hún að upptökurnar á Skaupinu hafi gengið ótrúlega vel, alveg eins og í lygasögu. Hún hafi fengið mikinn stuðning frá samstarfsfólkinu enda komu heilmargir að Skaupinu í ár. Óhætt er að segja að hér sé um hálfgert „stelpnaskaup“ að ræða. Höfundarnir eru þær Björk Jakobsdóttir, Hlín Agnarsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Helga Braga Jónsdóttir og Unnur Ösp Stefánsdóttir. Einnig komu hjónin Stefán Karl Stefánsson og Steinunn Ólína ásamt rithöfundinum Hallgrími Helgasyni nokkuð að þessu spennandi verkefni.

Edda lofar mikilli fjölbreytni í leikarahópnum því í honum sé bæði fólk sem hafi aldrei tekið þátt í Skaupinu áður sem og gamlar kempur í gríninu. Edda telur að Íslendingar eigi að minnsta kosti þrjá hópa af hæfileikaríkum gamanleikurum. Hún segist þó hafa tekið þá ákvörðun að notast ekki við neina leikara úr Spaugstofunni né Stelpunum að þessu sinni, jafnvel þótt henni líki vel við þá vinsælu þætti. Hún vilji gefa öðrum gamanleikurum tækifæri, enda sé af nógu að taka þegar þeir eru annars vegar hér á landi. Í fyrstu segist hún hafa haft áhyggjur af því að skortur væri á fyndnum leikurum en við nánari grennslan hafi góðir gamanleikarar leynst víðar en hana grunaði.

**EITTHVAÐ VIÐ ALLRA HÆFI**

Edda segist vera mjög ánægð með útkomuna og að það sé góður safi í Skaupinu í ár. Allir eigi að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, því það sé mikill hraði og fólk þurfi ekki að bíða lengi eftir næsta atriði. Edda segir að það þýði ekkert að gera áramótaskaup á einhvern sérviskulegan hátt því öll þjóðin heimti að geta hlegið að því og gangi að ákveðnum hlutum vísum. Hún lagði því áherslu á að fá fólk úr öllum áttum til að velja atriði úr handritinu og atriði sem hún hafði tekið upp. Takmarkið var að á hverju heimili ætti einhver að geta hlegið að hverju atriði.

Spurð hvort hún hlakki ekki til að sjá viðbrögð hjá almenningi segir hún að það sé aðeins tvennt í stöðunni og viti hún það vegna þess hversu oft hún hafi komið að Skaupinu. Annað hvort verði háværu raddirnar yfir sig ánægðar eða þær ætli að ganga af henni dauðri. Það sé venja að allir tali um Skaupið fram í febrúar en síðan gleymist umræðan fljótt. Hún segist þó vona samt sem áður að flestir finni einhvern brandara í Skaupinu sem þeir geta hlegið innilega að því þá finnist henni að hún og leikhópurinn standi uppi sem sigurvegarar. Hún muni glöð við sitt una ef það takmark náist.

Aðspurð hvaða skaup hafi staðið upp úr í gegnum tíðina segir hún að Skaupið árið 1984 hafa staðið upp úr. Það hafi verið kallað „kvennaskaupið“ því hún, Guðný Halldórsdóttir og Kristín Pálsdóttir hafi séð um það. Henni hafi fundist það óumdeilanlega fyndnasta skaupið.

Um áramótin ætlar Edda að vera með fólki sem hún treystir til að hafa svipaðan húmor og hún sjálf svo að þau hlæi öll að sömu atriðunum. Næsta verkefni hennar er hins vegar að enduruppfæra einleikinn Alveg brilljant skilnað, sem hún hefur leikið í um nokkurt skeið. Hún segir að margar tilraunir hafi verið gerðar til að hætta með einleikinn en það troðfyllist alltaf jafn óðum á sýningarnar og leikhúsunnendur geti því vermt hjarta sitt með því að einleikurinn verði sýndur á ný á næsta ári.

## föstudagur

**STÖÐ 2 KL. 24:00**

**TAKING LIVES** Æsispennandi sálfræðitryllir frá 2004 með Angelinu Jolie, Ethan Hawke og Kiefer Sutherland í aðalhlutverkum. Jolie leikur sérfræðing FBI sem kallaður er til Kanada til að rannsaka röð morða sem framin hafa verið að manni sem sviptir fórnarlömb sín fólk lífi í einu og öllu, myrðir þau og eignar sér líf þeirra með því að taka sér nöfn þeirra. **Einkunn á imdb.com: 5,8.**

**SJÓNVARPIÐ KL. 23.50**

**CHICAGO** Margverðlaunuð bandarísk dans- og söngvamynd frá 2002. Sagan gerist í samnefndri borg á þriðja áratug síðustu aldar og segir frá glæpakvendunum Velmu og Roxie. Þær sitja inni fyrir morð en vonast til að frægðin forði þeim frá gálganum. Meðal leikanda eru Catherine Zeta-Jones, Renée Zellweger og Richard Gere. **Einkunn á imdb.com: 7,4.**

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20:00**

**CALENDAR GIRLS** Dramatísk gamanmynd frá 2003. Hér segir frá nokkrum stallsystrum í Jórvíkurskíri á Englandi. Maður einnar þeirra lést úr hvítblæði og nú vilja þær efla rannsóknir á honum. Í fjáröflunarskyni gefa þær út dagatal sem vekur heimsathygli þar sem þær sitja fyrir naktar. Meðal leikanda eru Helen Mirren, Julie Walters, John Alderton. **Einkunn á imdb.com: 7,0.**

## laugardagur


STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.15/MONA LISA SMILE

**STÖÐ 2 KL. 01.20**

**SCARY MOVIE 2** Sprenghlægileg hryllingsmynd þar sem margar af vinsælustu spennumyndum síðari ára fá það óþvegið. Fylgst er með ungmennum sem prófessor platar í draugahús undir því yfirskini að um verkefni fyrir skólann sé að ræða. Meðal leikanda eru Marlon Wayans, Shawn Wayans, James DeBello, Anna Faris. **Einkunn á imdb.com: 4,2.**

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.15**

**MONA LISA SMILE** Dramatísk kvikmynd frá 2003 sem gerist í stúlkna Wellesley-framhaldsskólanum um miðja 20. öldina. Fæstar stúlknanna eiga stóra drauma um afrek í atvinnulífinu. Katherine Watson kemur til starfa í Wellesley, hún kennir listasögu og er fljót að hrista upp í hinu rótgróna skólasamfélagi. Meðal leikanda eru Julia Roberts, Kirsten Dunst og Julia Stiles. **Einkunn á imdb.com: 6,1.**

## sunnudagur

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.40**

